

**ÞITT
EINTAK**

SIRKUS^{RVK}

17. MARS 2006 | 11. VÍKA

**ÞÓRDÍS ELVA OG
GUÐMUNDUR INGI
OPNA
DYRNAR**

**VERTU
ÁRSHÁTÍÐAR-
DÓLGUR**

**BALTASAR
BREKI
TEKINN Á TEPPIÐ**

UNG OG ÓHRÆDD

**MATTHILDUR LIND MATTHÍASDÓTTIR SIGRADI Í
FORDKEPPNINI Í HAUST. HÚN ER EIN EFTIRSÓTTASTA
FYRIRSÆTA LANDSINS. HÚN RÆÐIR VIÐ SIRKUS RVK
UM SKUGGAHLIÐAR OG DÝRÐARLJÓMANN SEM FYLGIR
FYRIRSÆTUBRANSANUM.**

**BJARKI.IS
FYRIRGEFUR
FRÉTTABLAÐINU**

+ ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM MENNINGAR- OG SKEMMTANALÍFIÐ Í REYKJAVÍK

NORÐURKJALLARABATTLIÐ ENDURVAKIÐ

ENGIN EIGINLEG BATTLKEPPNI HEFUR VERIÐ HALDIN HÉR Á LANDI FRÁ ÞVÍ Í HITTIFYRRA. Í KVÖLD VERÐUR BREYTING ÞAR Á ÞEGAR HIN ALRÆMDA NORÐURKJALLARABATTLKEPPNI FER FRAM Á NÝ.



BENEDIKT ÞORGEIRSSON STENDUR FYRIR ENDURVAKNINGU NORÐURKJALLARABATTLSINS.

„Nú á að endurvekja Norðurkjallarabattlið,“ segir Benedikt Þorgeirsson, framkvæmdastjóri Leif the unlucky entertainment. Hann stendur fyrir upprisu Norðurkjallarabattlsins sem fer fram í téðum Norðurkjallara í kvöld. Í fyrra var ekkert battli haldið en þar áður var það haldið á Gauk á Stöng og var það sjálfur Dóri DNA sem bar sigur úr býtum í það skipti. Benedikt segir að helstu rappstjórnur Íslands munu mæta á svæðið en þær hafi þó ekki fengist til að skrá sig til keppni. „Þeir komast ekkert upp með að sleppa því að battla þegar þeir eru mættir á svæðið,“ segir Benni. Konungur battlsins, Dóri DNA, hefur þó skráð sig til keppni að sögn Benedikts. Verðlaunin fyrir sigurveggarann eru heldur ekki af verri endanum – utanlandsferð í boði Iceland Express. Það ætti að vera nóg til þess að heilla rappdólga landsins.

Einnig verður boðið upp á skemmtiatriði í Norðurkjallaranum. Bent og 7berg telja í, NBC trompar með hljóðnemann og



STJANI OG DÓRI Í NBC LÁTA TIL SÍN TAKA Í KVÖLD.

svo er það bandaríski rapparinn Dos noun sem kemur alla leið frá Filadelfíu. Dos þessi er heitur í neðanjarðarsenunni og keppti á dögunum í hinni alræmdu Scribble Jam-keppni en þar sló rapparinn Eminem í gegn. Þar keppti Dos gegn einum af fyrrverandi keppinautum Eminem en tapaði. Margir vildu þó meina að hann hefði verið miklu betri.

Benedikt lofar dúndurstemningu í kvöld en það verður Danni Deluxe sem sér um að þeyta skífum.

SHS

7BERG OG BENT VERÐA FUNHEITIR.



SIRKUS MÆLIR MEÐ



Sirkus RVK mælir með því að við tökum okkur saman í andlitinu og förum niður að Tjörn að gefa öndunum brauð. Þetta er ekki venjuleg beiðni heldur er þetta neyðaróp þar sem flestir forðast endurnar okkar eins og heitan eldinn vegna hræðslu við fuglafilensuna. Ekki vera hrædd, farið og bjargið öndunum okkar áður en þær svelta í hel vegna múgsefjunar.



Sirkus RVK mælir svo sannarlega með nýju Kron Kron-búðinni, hún er falleg, starfsfólkið fallegt og skemmtilegt, en það besta er auðvitað fötin. Þau eru æðisleg og þetta er nokkuð sem margir hafa beiðið lengi og mikið eftir. Svo er líka kosturinn sá að þetta er pínku eins og að vera kominn til útlanda, svo látið ykkur dreyma og njótið vel.



Sirkus mælir með laggjaldaflugfélögum vegna þess að það er ekki sniðugt að láta sig dreyma um óraunhæfa hluti. Þessi flugfélög gera drauminn að veruleika án þess að setja mann á hausinn það sem eftir er. Það er ekkert sniðugt að vera heimshornaflakkar á kúpunni. Maður hefur gott af því að hafa svoltið milli handanna frínu sínu og eiga smá monni í veskinu að degi loknum. Ekki satt? Vafrið svoltið á netinu og athugið með bestu kaupin áður en flugið er á brott.

RÁÐIST AÐ ALKÓHÓLISTUM

SIRKUSÁVARPIÐ

Matthildur Lind Matthíasdóttir prýðir forsiðu Sirkuss að þessu sinni. Hún er að stíga sín fyrstu skref í fyrirsætubransanum og ræðir við okkur um tækifærin og þær skuggahlíðar sem fylgja starfinu – eiturlyf og annað sukk. Sumir falla ofan í pyttinn og komast aldrei upp, aðrir ná að svamla að bakkannum og snúa við blaðinu. Eftir það þurfa þeir að horfa upp á andlit sitt á forsiðu Séð & heyrnt undir yfirskriftinni „þekktir Íslendingar og nýr lífstíll – edru og fræg“. Tillitsleysi þeirra Séð & heyrnt-manna er algert. Það kom upp hugmynd hér á Sirkus að gera svipaðan prófíl sem átti að vera undir yfirskriftinni „Þurraðir á toppnum“. Við ræddum hins vegar áður við aðila innan vébanda SÁÁ sem komu okkur í skilning um það hve persónulegur sjúkdómur alkóhólismi er og að það eigi ekki að grínast með hann. Ef fólk er ekki að flagga nýjum lífstíl sjálfst er það ekki hlutverk fjölmiðla að draga pennan veikleika fram í dagsljósið. Ritstjórn Séð & heyrnt hafa eflaust ekki kynnt sér sjúkdóminn og virðast ekki hafa beina reynslu af honum. En það er spurning hvort þessi andlit forsiðunnar geta fyrirgefið Séð & heyrnt líkt og Bjarki.is fyrirgef Fréttablaðinu.



Sólmundur Hólm

SIRKUS

365

Auglýsingastjóri: Jóhannes Már Sigurðarson
Kynningarstjóri: Guðmundur Arnar Guðmundsson
Sölustjóri: Einar Björgvin Davíðsson, sirkusauglýsingar@365.is
Ritstjóri: Sólmundur Hólm
Ritstjórn: Hjörvar Hafliðason og Sigríður Ella Jónsdóttir.
Áskrift: 550 5000 / askrift@365.is
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja



Forsíðumyndina tók Ásta Kristjánsdóttir af Matthildi Lind Matthíasdóttur fyrirsetu.

EFNI

- 4 – Baltasar Breki tekinn á teppið
- 6 – Vertu árháttardólgurinn
- 8-9 – Matta hræðist ekki tiskubransann
- 10 – Fasistar? Nasistar? umfram allt snillingar
- 12 – Þórdís Elva opnar dyrnar
- 14 – Spurningakeppni rauðhærða fólksins
- 16 – Vor og sumarlinan í undirfötum
- 18 – MH frumsýnir Íslenska fjölskyldusirkusinn
- 29-30 – Allt sem þú vilt vita um menningar- og skemmtanalífið í Reykjavík
- 31 – Bjarki.is var rændur í tvígang Argentínu en fyrirgefur

Fréttablaðinu.



Eigendur Óskast



Stærðir 30 til 45 · Verð 3.995



skór.is

KRINGLAN ■ SMÁRALIND

www.skor.is

YFIRHEYRSLAN

PHILIP SEYMOUR HOFFMAN FER Í TAUGARNAR Á MÉR

BALTASAR BREKI BALTASARSSON STÓÐ SIG MJÖG VEL Í AÐALHLUTVERKI LEIKRITSINS BIRTINGUR SEM LEIKFÉLAG MR SÝNDI Á DÖGUNUM. BREKI, EINS OG HANN KÝS AÐ LÁTA KALLA SIG ER AÐ-EINS 16 ÁRA EN SJALDGÆFT ER AÐ NEMI Í 3.BEKK HLJÓTI AÐALHLUTVERKIÐ. SIRKUS RVK HAFÐI SAMBAND VIÐ BREKA OG YFIRHEYRÐI KAUÐA.

Í HVERJU ERTU?

„Ég er bara í mínum fallegu fötum.Ótrúlega venjulegur, bara í úlpu, gallabuxum og Timberland skóm.

HVORT MYNDIRÐU FREKAR VILJA SÆNGA HJÁ FEITRI STELPU MEÐ SÆTT ANDLIT EÐA LJÓTRI MEÐ FLOTTAN SKROKK?

Hvorugt helst. Eigum við ekki að segja að ég tæki þessa feitu ef ég þyrfti að velja.

MEST ÓPOLANDI LEIKARINN??

Philip Seymour Hoffman. Hann er fínn leikari og allt það en hann fer bara mikið í taugarnar á mér



FINNST ÞÉR Í LAGI AÐ GERA GRÍN AÐ RAUÐ-HÆRÐU FÓLKI?

Já það er skemmtilegt svo lengi sem það tekur því ekki of líla.

HVAÐ TEKURÐU Í BEKK?

Ég hef aldrei tekið bekk.

GEIR ÓLAFZ EÐA EGIL ÓLAFS?

Egill hefur vinninginn.

EF EKKI MR ÞÁ HVADA SKÓLI?

MH.

HVAÐA KALL Í TURTLES FÍLAÐIRÐU BEST?

Gaddi eða hvað vondi kallinn heitir.

101 REYKJAVÍK, HAFIÐ EÐA LITTLE TRIP....?

Ég var ánægðastur með Little Trip to heaven.



ÓMAR RAGNARSSON EÐA HEMMI GUNN?

Það er Ómar .

PRUMPA KONUR?

Já þær prumpa.

ER BJARNI TÖFRAMAÐUR FYNDINN?

Hver er Bjarni töframaður?

HEFURÐU HRINGT ÞIG INN VEIKANN Í SKÓLA EÐA VINNU ÞEGAR ÞÚ ERT VIÐ HESTAHEILSU?

Já ég hef gert það og sé ekki eftir því.

SUPERMAN, HE-MAN EÐA BATMAN?

HE-MAN. Ég horfði alltaf á hann. Hann er svalur.

LETTERMAN EÐA LENO?

Leno.

BÚÐU TIL SPURNINGU FYRIR NÆSTA VIÐMÆLANDA!

Hefurðu lent í því að strákur prumpi á þig?



YRÐIRÐU FÚLL EF PABBI ÞINN MYNDI VELJA ÞORVALD DAVÍÐ Í STAÐIN FYRIR ÞIG Í AÐAL-HLUTVERK?

Nei ég yrði bara feginn.

LESTU FYRIR MIG SÍÐASTA SMS OG FRÁ HVERJUM ER ÞAÐ?

„Fokk ass fokking shit fokkadu ther, fokk ther, fokkadu ther, fokk djofull, andskotans,

fokkadu ther helvitis pussi thinn“ Þetta sendi stúlka mér sem er með mér í MR. En þetta var ekkert illa meint.

SIRKUS MÆLIR EKKI MEÐ



Sirkus RVK mælir ekki með andfélagslegri hegðun. Það er ekki vinsælt, hvorki fyrir þann andfélagslega né vini hans ef hann á einhverja. Andfélagsleg hegðun er eitthvað sem ber að víkja fyrir félagslegri hegðun sem er það eina sem blívur. Förum út á meðal fólks – það létir lundina því fólk er bara stundum fífl.



Sirkus RVK mælir ekki með Séd og heyrt stráknum. Þetta er ekkert persónulegt skitkast á þá drengi sem hafa verið í þessu hlutverki heldur á þetta framtak blaðsins. Baksiðustúlkur hafa löngum þótt kjánalegar og hvaða töffari sem er verður eins og kjáni um leið og hann er kominn á þessa öftustu opnu hins annars ágæta blaðs.



Sirkus RVK mælir alls ekki með táfýlu, nú er að stytast í sumarið svo gott er að létta á litlu táslnum. Táfýla er ósmart og alls ekki kúl eins og gefur að skilja. Þrifið á ykkur tærnar svo um munar, farið í létta sokka sem og skófatað og þá er vandinn úr sögunni.



Sirkus RVK hefur í sjálfu sér ekkert á móti Silvíu Nótt sem slíkri. Hins vegar er það algerlega óviðunandi að fólki skuli vera farið að tala eins og hún. Það er ekkert asnalegra en heyra ófyndið fólk segja „Skillurru“. Leyfið Ágústu Evu að eiga þennan karakter útaf fyrir sig. Hún gerir þetta vel en hinir kjánarnir ekki.

„Ef ég á að nefna eina hetju þá verð ég að segja Johnny Cash, hann er mín hetja,“ segir Lovísa Elísabet tónlistarkona betur þekkt sem Lay Low. „Ég dáist bara að honum sem tónlistarmanni, allt líf hans hefur einhvern veginn snert mig, tónlistin hans, lífstíllinn og lífsreynslan. Líka bara allt sem hann hefur verið að gera, ég hef vitað af honum alveg frá því ég var lítil, ég hef alltaf vitað af honum en undanfarin tvö ár þá hefur hann náð því að verða hetjan mín. Johnny Cash er náttúrulega mjög heillandi og ógeðslega sætur og þá sérstaklega á yngri árum,“ segir Lay Low ánægð með karlinn.



HETJAN HENNAR LA LOW

4 LAY LOW DÝRKAR JOHNNY CASH

HETJAN MÍN



LOVÍSA ELÍSAKET

Sirkusmynd – Teltur



Mitt kort með þinni Idolstjörnu

Nú geturðu fengið Idolstjörnuna þína á Mitt kort.
Allar myndirnar eru á landsbanki.is



Landsbankinn

410 4000 | landsbanki.is

NÚ ERU ÁRSHÁTÍÐIR HALDNAR ÚTI UM ALLAN BÆ. ÁRSHÁTÍÐIN ER VETTIVANGUR ÞAR SEM STARFSMENN FYRIRTÆKJA, NEMENDUR Í SKÓLUM OG FLEIRI GETA SLETT ÚR KLAUFUNUM. Í ÁR ER MÁLIÐ AÐ VERA ÁRSHÁTÍÐARDÓLGURINN. AÐ LÁTA ÖLLUM ILLUM LÁTUM OG LÁTA MIKIÐ Á SÉR BERA OG SJÁ TIL ÞESS AÐ ENGINN GLEymi FRAMMISTÖÐUNNI Á ÁRSHÁTÍÐINI 2006. SIRKUS RVK FER YFIR HELSTU TILÞRIF ÁRSHÁTÍÐARDÓLGSINS.



VERTU ÁRSHÁTÍÐAR- DÓLGURINN!

SPRAY-TAN

Árshátíðardólgurinn byrjar daginn á að fara í spray-tan. Að sjálfsgöðu er dólgurinn skít-blankur þannig að hann ákveður að spreya sjálfur á sig brúnkuna. Auðvitað nær hann ekki að spreya á alla staði og verður því flekkóttur og ógeðslegur. Eftir að árshátíðardólgurinn er búinn að spreya sig allan appelsínugulan fer hann í hvít jakkaföt, hvíta skyrtu og með hvítt bindi – og að sjálfsgöðu í hvíta, támjóa skó.



TIL HAMINGJU ÍSLAND AÐ ÉG FÆDDIST HÉR

Árshátíðardólgurinn mætir fyrstur í fyrirpartíði, auðvitað vel í því. Hann rifur strax upp OPAL snapps-flösku og byrjar að þamba. Svo þegar gestir fara að streyma í partíði býður dólgurinn þá velkomna allt eftir því hvernig honum líkar við þá. Rétt áður en fyrirpartíu lýkur lækkar árshátíðardólgurinn í tónlistinni og syngur Til hamingju Ísland að ég fæddist hér. Svo í limmunni á leiðinni á árshátíðina talar dólgurinn allan tímann eins og Sívía Nótt bara af því hann er svo flappaður.



GEFUR DYRAVÖRDUM MATA-DOR-PENINGA

Þegar á árshátíðarstaðinn er komið, ímyndar dólgurinn sér að hann sé Hollywoodstjarna að ganga út úr limmunni yfir á rauða dregilinn og þósar fyrir ímyndaða ljósmyndara. Árshátíðardólgurinn gefur síðan dyravörðunum Mata-dor-peninga í þjófnef, sá brandari er klassískur. Dólgurinn fær sér sæti sem næst sviðinu. Svo þegar allir eru sestir við borðið tekur hann stórt vatnsglas og hellir yfir sig allan og biðst síðan afsökunar og segir: "Sorry guys, I have a drinking problem." Þá springa allir við borðið úr hlátri og dólgurinn er býsna ánægður að þessi brandari úr kvikmyndinni Airplane frá árinu 1980 skuli enn svinvirka.



GÓÐUR BRANDARI

Áður en forrétturinn er borinn fram segir árshátíðardólgurinn nokkra góða brandara. Segjum að forrétturinn sé indverskur lax og smá bið sé eftir matnum, þá gólar dólgurinn yfir salinn: „Þurftu menn að fara alla leið til Indlands til að ná í smá lax?“ Allir við borðið skelli-hljæja og dólgurinn líka.



ÞAMBAR RAUÐVÍN EN SEGIR ÞAÐ SÍÐAN ÓDREKKANDI

Þegar að aðalrétti kemur kippir árshátíðardólgurinn í einn þjóninn og krefst þess að fá að smakka rauðvínið sem verður með matnum. Þjóninn mætir með flöskuna en dólgurinn rifur hana úr höndunum á honum. Hellir síðan upp á heilt rauðvinsglas og drekkur allt í einum sopa. Og segir svo við þjóninn: „Heyrðu, þetta er ódrekkandi, ég þarf aðra flösku.“



YOU SUCK!

Á meðan veislustjóri talar grípur árshátíðardólgurinn fram í fyrir honum í sífellu og kemur með eittraða punkta. Svo mætir uppistandarinn, segjum Bjarni töframaður til dæmis, og um leið og Bjarni byrjar að taka eitthvað af sínum óborganlegu atriðum hrópar dólgurinn „get of the stage fat boy“ og „you suck“ til skiptis. Nú er dólgurinn farinn að fara í taugarnar á samstarfsfélögum sínum.



HRAUNAR YFIR TOPPANA

Um leið og öllum skemmtiatriðunum er lokið fer árshátíðardólgurinn beint að borðinu þar sem topparnir í fyrirtækinu sitja. Hann gengur fyrst að forstjóranum og segir honum (ef um karlmann er að ræða) að honum finnst forstjórar ættu að geta náð sér í flottari kellingu. Næst snýr hann sér að sínum næsta yfirmanni og því samtali lýkur með því að árshátíðardólgurinn kylir hann.



SETUR BINDIÐ UPP Á ENNI – RAMBO STYLE

Næst er komið að því að skella sér á dansgólfið. Árshátíðardólgurinn er orðinn mjög ölvaður. Hann tekur af sér bindið og hnytir það yfir enni á sér og með það RAMBO – STYLE, eins og hann orðar það sjálfur. Svo þegar árshátíðarhljómsveitin spilar loks lag sem er honum að skapi drífur hann sig upp á svið og hjálpar til við flutning lagsins. Gestum og hljómsveitarmeðlimum til lítillar ánægju.



KOMINN Í LIVERPOOL-TREYJUNA

Þegar komið er að loklaginu kemur svo aðalútspil-árshátíðardólgurinn. Undir skyrtunni var hann í Liverpool-treyjuni sinni, merktri FOWLER 11. Þegar laginu lýkur fer hann einn upp á svið og syngur You'll Never Walk Alone. Rótarinn hendir honum af sviðinu með þeim afleiðingum að árshátíðardólgurinn lendi bent á andlitinu og brýtur allar framtennurnar.



KEYRIR Í BÆINN

Árshátíðardólgurinn er ákveðinn í að skella sér niður í bæ og gengur þangað sem fyrirpartíði var fyrr um kvöldið og keyrir í átt að bænum.



EFTIRLEIK-URINN

Árshátíðardólgurinn vaknar að lokum í fangageymslu lögreglunnar, flekkóttur, tannlaus, próflaus og líklega atvinnulaus en árshátíðin var honum ógleymanleg.

HNEFALEIKAKAPPAR UNDIRBÚA SIG
ÞESSA DAGANA FYRIR FYRSTA
ÍSLANDSMEISTARAMÓTIÐ HÉR Á
LANDI Í 50 ÁR.

Stikusmyndir - Stefán

FYRSTA ÍSLANDS- MEISTARAMÓTIÐ Í 50 ÁR

SVITI OG HITI, TÁR OG TESTERÓN ER ALLT SEM VIÐ ÞURFUM TIL AÐ KOMA OKKUR Í RÉTTA GÍRINN. Á MORGUN LAUGARDAGINN 18. MARS ER UNDIRBÚNINGUR FYRIR ÍSLANDSMEISTARAMÓTIÐ SEM HALDIÐ VERÐUR 22. – 23. APRÍL NÆSTKOMANDI. ÞETTA VERÐUR FYRSTA ÍSLANDSMEISTARAMÓTIÐ Í HNEFALEIKUM Í YFIR 50 ÁR, SÍÐAN ÁRIÐ 1956. SIRKUS RVK ÁKVAÐ AÐ FORVITNAST AÐEINS UM ÞENNAN MIKLA ATBURÐ.

„Það er keppni núna á laugardaginn,“ segir Guðmundur, sem er í stjórn Hnefaleikafélags Reykjavíkur. Keppnin verður haldin í Faxafeni 8 og hefst klukkan átta, húsið er opnað hálf tíma fyrr. „Þetta er undirbúningur fyrir Íslandsmeistaramótið, hér fá menn að spreyta sig og koma sér í gírinn,“ segir Guðmundur, að vonum spenntur.

UNDIRBÚNINGUR FYRIR ALVÖRUNA

„Það var eitt mót núna í febrúar í Hnefaleikafélagi Hafnarfjarðar en nú höldum við mót hjá okkur. Svo kemur í ljós hvort við þurfum forkeppni sem yrði þá haldin daginn fyrir Íslandsmeistaramótið, það fer eftir því hvort við erum með marga í sama þyngdarflokki. Þetta er ekki formleg undanúrslitakeppni, heldur bara undirbúningur,“ segir Guðmundur um keppendur.

FJÓRIR STERKIR BARDAGAR

„Það eru þyngvigtarbardagar sem draga að sér fjöldann allan af fólki. Lárus frá Ísafirði og Arnar frá Hnefaleikafélagi Hafnarfjarðar verða


rosalegir,“ segir Guðmundur. „Í léttari þyngdarflokki er það Danni frá Reykjanesi á móti Gunnari Óla frá Hnefaleikafélaginu í Reykjavík, Þórir Fannar frá Reykjavík gegn Bjarka úr Hnefaleikafélagi Hafnarfjarðar og svo er það bardaginn hjá Vikari frá Reykjanesi og Stefáni Breiðfjörð frá Hafnarfirði. Þessir fjórir bardagar eru mest spennandi bardagar kvöldsins og einhverjir af þessum gaurum stefna að því að ná Íslandsmeistaratitlinum,“ segir Guðmundur hress í bragði.

FYRSTA ÍSLANDSMEISTARAMÓTIÐ Í 50 ÁR

„Þetta er fyrsta Íslandsmeistaramótið síðan 1956,“ segir Guðmundur. „Við vorum með stóra keppni 18. mars í fyrra á Broadway og var hún sjónvörpuð á Sýn,“ bætir hann við. Hnefaleikar eru íþrótt sem allt of oft hefur verið tengd ofbeldi en það vill gleymast að þessi íþrótt er ekki hættumeiri en íshökkí, ruðningur, fótbolti eða fallhlífarstökk, svo eitthvað sé nefnt.

EFNILEGAR STELPUR

„Í undirbúningnum núna er enginn kvenna-



bardagi en það var einn í Hafnarfirði núna um daginn. Við erum með þokkalega efnilegar stelpur í þessu núna, ein fór til Svíþjóðar í febrúar í fyrra og vann þar gull. Það er töluvert af kvenfólki sem stundar hnefaleika til líkamsræktar en það eru ekki margar til keppni. Ég hvet flesta til að prófa þessa íþrótt, því þetta er ekki eins og margir halda,“ segir Guðmundur um sportið góða.

SEJ

SVEINBJÖRN THORARENSEN ER HERMIGERVILL

BLADE RUNNER EFTIR VANGELIS

„Hvað er í kistlinum mínum? Já, tónlist og aftur tónlist, það er músík og plötur,“ segir Sveinbjörn Thorarensen, sem er Hermigervill. Sveinbjörn hefur í mörgu að snúast þessa dagana og má þar nefna tónleikaferðalag og remix í bígerð. Ég er að remixa fyrir nýjan singul frá Gus Gus, núna mjög bráðlega, ég er ein af leikbrúð-



BLADE RUNNER,
UPPÁHALDIÐ HANS.

unum þeirra. Þetta er á nýju plötunni þeirra. Uppáhaldsplatan mín mundi held ég vera soundtraktinn úr Blade Runner eftir Vangelis, það er algjört uppáhald hjá mér. Já, það er bara músík, músík og aftur músík hjá mér,“ segir Sveinbjörn kátur, á leið út úr bænum.



SVEINBJÖRN
THORARENSEN
SNILLINGUR

Stikusmynd - Harí

KOMDU OG SKOÐAÐU Í KISTUNA MÍNA

7

HRÆÐIST EKKI FYRIRSÆTUBRANSANN

MATTHILDUR LIND MATTHÍASDÓTTIR
SIGRAÐI Í FORD-KEPPNINI SÍÐ-
ASTA HAUST. SÍÐAN ÞÁ HEFUR
HÚN SETIÐ FYRIR VÍÐA OG
ER FRAMTÍÐIN BJÖRT HJÁ
ÞESSARI UNGU STÚLKU.
SÓLMUNDUR HÓLM
RÆDDI VIÐ MATTHILDI
UM ÁTRÖSKUN, EITUR-
LYF OG AÐRAR
SKUGGAHLIÐAR FYR-
IRSÆTUBRANSANS.

MATTA ÞURFTI AÐ LITA
HÁRIÐ Á SÉR DÖKKT FYRIR
VERKEFNI SEM HÚN TÓK AÐ
SÉR Á DÖGUNUM. HÚN
KANN ÞÓ VEL VIÐ NÝJA ÚT-
LITIÐ ENDA STÓRGLÆSILEG.



MATTA ÞYKIR BJÓÐA
AF SÉR MIKINN OG
SÉRSTÆÐAN ÞOKKA.

„Mér finnst þetta ótrúlega gaman,“ segir Matthildur Lind Matthíasdóttir um nýfengnu reynslu af fyrirsætubröndum. Hún sigraði í Ford-keppninni í haust og hefur verið að fást við fyrirsætustörf samhliða námi frá þeim tíma. „Það er auðvitað skrítið að sjá sig á myndum en það er bara gaman.“

BYRJADI ÞRETTÁN ÁRA

Matthildur er alltaf kölluð Matta af sínum nánustu. Hún er sextán ára en verður sautján á þessu ári. Hún hlaut þó sína fyrstu reynslu af fyrirsætustörfum þegar hún var einungus þrettán ára gömul. Þá fór hún út til New York ásamt móður sinni í þrjár vikur. „Svo fattaði ég að ég væri aðeins of ung til þess að fara út í þetta strax,“ segir Matta, sem setti fyrirsætudrauminn á hilluna en ákvað að dusta rykið af draumnum síðastliðið sumar þegar hún fór til Milanó í tvo mánuði og sat fyrir.

HRÆÐIST EKKI BRANSANN

Það skyldu margir ætla að fimmtán ára stelpa, ein í Milanó, myndi fá heimþrá. Annað var uppi á teningnum hjá Möttu. „Þetta gekk allt mjög vel og ég hringdi eiginlega aldrei heim í mömmu og pabba,“ segir



MATTA Á
FRAMTÍÐINA
FYRIR SÉR Í
FYRIRSÆTU-
BRANSANUM.

„ÞAÐ VAR VANDAMÁL ÞEGAR ÉG VAR YNGRI AÐ ÉG VAR ALLTAF STÆRRI EN ALLIR STRÁKARNIR. SVO FATTAÐI ÉG ÞEGAR ÉG VAR ÞRETTÁN ÁRA AÐ ÞAÐ VAR BARA KOSTUR AÐ VERA STÓR ÞVÍ ÞÁ GÆTI ÉG ORÐIÐ MÓDEL,“

Matta. „Ég spjaraði mig mjög vel.“ Þær sögur sem heyrast úr fyrirsætubröndum eru misjafnar. Flestar snúast þær um átröskun og eiturfjaneyslu. Þrátt fyrir það hræðist Matta ekkert í þessum efnunum. „Nei ég held að mamma og pabbi séu miklu hræddari við þetta en ég,“ segir fyrirsætunanga.

KYNTIST SKUGGAHLIÐUNUM

Þó að Matta sé ekkert hrædd við fyrirsætubröndum gerir hún sér grein fyrir þeim skuggahliðum sem leynast bakvið flass myndavélarinnar. Hún komst meira að segja í tæri við eiturfylf sjálf í Milanó síðasta sumar. „Ég lenti fyrst með stelpu í herbergi sem var frá Hollandi og þar þykir það mjög eðlilegt að reykja hass. Hún var alltaf að fá sér eina og eina jónu á kvöldin. En hún var ógeðslega skemmtileg og hress og mér var allveg sama, þetta var bara eins og hún væri að reykja sígarettur,“ segir Matta. „Maður verður líka bara að venjast þessu því þetta er úti um allt,“ segir hún og telur einna mikilvægast að halda sig eins langt frá þessu og hægt er.

STÆRRI EN ALLIR STRÁKARNIR

Matta er Árbæingur í húð og hár. Gekk í Selásskóla fyrstu árin en fór svo yfir í Árbæjarskóla í unglinga-deild. Hún æfði fótbolta með Fylki þegar hún var yngri. „Ég var í fótbolta frá því ég var um tíu ára þangað til ég var svona þrettán. Í endanum var ég látin vera

„ÉG LENTI FYRST MEÐ STELPU Í HERBERGI SEM VAR FRÁ HOLLANDI OG ÞAR ÞYKIR ÞAÐ MJÖG EÐLILEGT AÐ REYKJA HASS. HÚN VAR ALLTAF AÐ FÁ SÉR EINA OG EINA JÓNU Á KVÖLDIN.“

í marki af því að ég var svo stór,“ segir hún og hlær. „Það var vandamál þegar ég var yngri að ég var alltaf stærri en allir strákararnir. Svo fattaði ég þegar ég var þrettán ára að það var bara kostur að vera stór því þá gæti ég orðið módel,“ segir Matta.

Þá er nú eins gott að þú varst ekki stór og ljót.

„Já,“ segir hún og hlær. „Þá hefði ég verið í djúpum skít,“ segir hún, bæði hógvær og háðsleg í senn.

ALGJÖR NAMMIGRÍS

Matthildur var einnig í ballet og seinna djassball-ett. Hún hætti iðkun hins síðarnefnda fyrir um ári síðan. Þó segist hún ennþá vera í ágætis formi. „Jú, ég er þannig að ég er með svo hraða brennslu að ég þarf eiginlega ekki mikið að hreyfa mig,“ segir Matta.

Borðarðu mikið?

„Já.“

Nammigrís?

„Já,“ segir hún og flissar. „Ég held reyndar að það sé öðruvísi með módel. Þau þurfa að hugsa meira um línurnar.“

Borða þau nokkuð?

„Misjafnt sko. Í fyrra þegar ég var í Milanó kynntist ég stelpum sem pössuðu alltaf hvað þær borðuðu en sumar borðuðu bara það sem þær vildu.“

Á LAUSU

Matthildur hóf nám í Menntaskólanum í Reykjavík í haust en skipti yfir í Fjölbaut við Ármúla um jólin. Þar er hún á félagsfræðibraut og stefnir á að klára stúdentspróf þaðan – hvort sem það verður í fjarnámi eða með venjulegri viðveru. Hún segir þau ráð sem hún fær frá fólki varðandi framtíðina vera mismunandi. Sumir segja henni að halda áfram námi og fara út eftir það. Aðrir segja henni að grípa tækifærið meðan hún er fersk og einhver hefur áhuga á að nota krafta hennar. Í vor mun hún þó fara utan og sitja fyrir í ókunnri borg. Það er óráðið hvert hún fer en París heillar einna mest. Hún er ekkert hrædd við að fá heimþrá og engan á hún kærastann sem mun sakna hennar.

Þú nærð þér kannski í einn franskan?

„Kannski,“ segir hún og hlær. Við kveðjum þessa ungu stúlku sem á allt lífið og fjölmargar forsíðumyndir fyrir höndum.

Sólmundur Hólm Sólmundarson

HLJÓMSVEITIN LEIBACH
KEMUR HINGAÐ TIL
LANDS Á LAUGARDAG EN
HÚN VERÐUR MEÐ TÓN-
LEIKA 22. MARS Á NASA.
HLJÓMSVEITIN KEMUR
FRÁ SLÓVENÍU OG ER FYR-
IR SLÓVENA EINS OG
BJÖRK ER FYRIR OKKUR.
ÞESSI SVEIT HEFUR GENG-
IÐ Í GEGNUM SÚRT OG
SÆTT OG VERIÐ KÖLLUÐ
ÖLLUM ILLUM NÖFNUM.



Sirkusmynd - Pjetur

ÓLAFUR THORSSON
FLYTUR INN LEIBACH
ÁSAMT HALLDÓRI
KARLSSYNI.

FASISTAR? NASISTAR? ALLAVEGA SNILLINGAR

„Þetta er mikilvægasta band í heimi á þessum tímum,“ segir Ólafur Thorsson en hann ásamt Halldóri Karlssyni er að flytja inn hljómsveitina Leibach sem leikur á Nasa þann 22. mars. „Þeir eru að sýna okkur með list sinni hvað gæti orðið. Nota kaldhæðnina og alvöruna. Setja þetta saman í þversagnir og hver og einn upplifir Leibach á sinn hátt,“ segir Ólafur.

KALLAÐIR FASISTAR

Þeir Leibach- menn eru funheitir en þeir koma frá Slóveníu. Sveitin hefur verið til frá árinu 1981 en þá voru hljómsveitarmedlimir nýkomnir úr hernum. „Þeir höfðu ekki einu sinni fyrir því að fara úr herbúningnum. Fyrir það voru þeir kallaðir fasistar og áttu mjög erfitt uppdráttar í Slóveníu.“ Þeir Leibachmenn fóru þá yfir til Þýskalands en þá var hrundið af stað herferð gegn þeim bæði þar og í Frakklandi. „Blaðamenn gerðu í því að rægja þá,“ segir Ólafur.

„VIÐ ERUM AÐ REYNA AÐ SETJA SVITA OG TÁR Í VERKEFNIN OKKAR. FYRIR MÁLSTAÐ? ÉG VEIT ÞAÐ EKKI. EN ÞAÐ VERÐUR AÐ VERA EITTHVAÐ SEM OKKUR FINNST MIKILVÆGT.“

BJÖRK SLÓVENA

Drengirnir í Leibach eru að sögn Ólafs gjörningamenn sem nota tónlistina sem verkfæri. Svo virðist einnig sem þeim hafi verið fyrirgefið í heimalandinu því þeir eru fyrir Slóvena eins og Björk er fyrir Íslendinga. Þeir sem fylgjast með tónlist að einhverju viti tengja Slóveníu strax við Leibach. Enda heitir sveitin eftir höfuðborginni – Lubljana. Leibach er nafnið sem Þjóðverjar gáfu Ljubljana og það var ekki síst þess vegna sem sveitin var svo illa liðin í heimalandinu. Voru þeir meðal annars kallaðir nasistar vegna þessa. Tónlist Leibach er

þungt rokk, heví indöstríal, pönk og ólíkt mörgum rokkurum verða þeir harðari með árunum.

HARÐUR BRANSI EN SKEMMILEGAR

Þeir Ólafur og Halldór eru að stíga sín fyrstu skref í tónleikahaldi. „Við erum ekki beint algjörir prómótórar, enda erum við að flytja inn bönd sem gætu talist við jaðarinn. Þó svo að Leibach sé áhrifavaldur margra meginstraumslistamanna á borð við Nine inch nails og Marilyn Manson.“ Fyrst og fremst eru þeir Ólafur og Halldór kvikmyndagerðamenn og stunda því tónleikahald einungis í hjáverkum – ef svo má að orði komast. „Þetta er harður bransi, en djöfull er þetta gaman,“ segir Ólafur. „Við erum að reyna að setja svita og tár í verkefni okkar. Fyrir málstað? Ég veit það ekki. En það verður að vera eitthvað sem okkur finnst mikilvægt.“

Þeir sem vilja vita meira um Leibach ættu að stilla inn á sjónvarpsstöðina Sirkus í kvöld og horfa á heimildarmynd um hljómsveitina.

SHS-

ÚTLAGINN



LÁRA KRISTÍN
Í FJÖRI

:HVAÐ HEITIRÐU?

Lára Kristín Ragnarsdóttir.

HVAR ERTU?

Flórens, Ítalíu.

AF HVERJU?

Af því ég er í námi.

HEIMILISADSTÆÐUR?

Ég bý á 4. hæð í rosa fallegu húsi sem er því miður ekki með lyftu. Bý með stelpu frá Chicago sem er hinn mesti Kani sem þú getur ímyndað þér og ég held hún eigi eftir að deyja með hárbílsarann í hendinni. Herbergið mitt er risastórt með fresku í loftinu og útsýni beint á dómkirkjuna. Er með brjálaðan nágranna sem heitir Dimitri og er frá Albaníu, hann er fyrrverandi eiginmaður þýsku konunnar sem á íbúðina, við Stephanie erum ekki alveg á sömu bylgjulengd og hann.

DAGUR Í LÍFI ÞÍNU?

Vakna, fara í sturtu og röltu í skólann. Eftir tíma fer ég vanalega með vel völdum einstaklingum á kaffihús þar sem við oftast en ekki ilengjumst fram eftir kvöldi, fer oft í aperitivo sem er dæmi um ítalska snilli og kíkí á netið, já og læri. Það er alltaf eitthvað að gera og fólk er frábært sem ég er með.

KOSTIR ÞESS AÐ BÚA Í FLÓRENS?

Afslappað og fallegt. Ódýrt að lifa og auðvelt að ferðast.

ÓKOSTIR ÞESS AÐ BÚA Í FLÓRENS?

Það gerist allt alveg ÓGEDSLEGA hægt. Hleðslutækið mitt bílaði fyrir tölvuna og ég er búin að bíða í 3 vikur nú þegar, fékk svo að vita að ég ætti að bíða í 2 vikur í viðbót. Hringdi heim og það er á leiðinni með hraðpósti.

HVERS SAKNARÐU AÐ HEIMAN?

Fjölskyldu, vina og vatnsins. Kattanna minna og verð að jata að ég hugsa oft til bílsins míns.

UPPÁHALDSSTAÐUR Í FLÓRENS?

Ponte Vecchio og öll torgin.

ÍSLENDINGAR ERU ...

Stressaðir.

ÍTALAR ERU...

Fabíóar.

EIN MANNESKJA SEM ÞÚ BIDUR AÐ HEILSA

Ég bið rosalega vel að heilsa bumbubúanum hennar Hildar.)

Arthúr



**„Ég spila ekki
í Lottóinu til
að vinna. Ég
spila til að
vinna aftur.“**

Lýður Oddsson
Lottóvinningshafi



HVERNIG TÝPA Á HEIMA HÉR?

SIRKUS RVK KÍKIR Í HEIMSÓKN

AÐ ÞESSU SINNI ÁKVAÐ SIRKUS RVK AÐ LÍTA INN TIL ÞÓRDÍÐSAR ELVU ÞORVALDSDÓTTUR OG GUÐMUNDAR INGA ÞORVALDSSONAR. ÞÓRDÍÐ SKRIFAÐI HANDRITIÐ AÐ LEIKRITINU HUNGUR SEM NÚ ER SÝNT Í BORGARLEIKHÚSINU EN GUÐMUNDUR LEIKSTÝRIR VERKINU. PARIÐ BÝR SAMAN Í FALLEGRI ÍBÚÐ Í 107, ÞAR SEM ÞAU ERU JAFNT Á MILLI NÁTTÚRU OG MANNLÍFSINS. ÁLITSGJAFINN AÐ ÞESSU SINNI ER ELÍN REYNIS, FÖRÐUNARFRÆÐINGUR HJÁ RÚV SEM OG ANNARS STAÐAR.

ELDHÚSIÐ:

Eldra, hreinlegt eldhús, það er rómantik í gangi hjá parinu sem sést á kertum og blómum á borðinu. Gítarinn í horninu gefur til kynna að þetta er tónlistarfolk, maðurinn gæti spilað og sungið fyrir hana meðan hún eldar dýrindis máltíð fyrir þau. Dagurinn hjá þeim byrjar sennilega ekki fyrir en búíð er að hella upp á góðan kaffibolla úr finu kaffivélinni sem hann fékk í 30 ára afmælisgjöf.




BAÐ:

Lítið, einfalt baðherbergi. Rakvélin hennar er í sturtunni, gæti þýtt að hún búi þarna með honum. Mér finnst klósetturbstinn flottur, húmor í honum.



12



Sirkusmyndir - E.Ól



ÞETTA SAGÐI ELÍN

„Við höfum búíð áður í 107, hér er jafn langt í bæinn og út á Gróttu, við erum miðja vega milli náttúru og miðbæjar,“ segir Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann leikskáld, sem opnar dyrnar að þessu sinni. „Sundlaugin er líka rétt hjá, eða í 100 metra fjarlægð. Gummi er mikill 107-maður, þetta er hans hverfi. Við höfum búíð héra í 3 ár, kærastinn minn var búinn að kaupa íbúðina áður en ég kom heim úr námi, ég hafði ekkert um þetta að segja. Svo er gott að hafa Eiðistorg héra nálægt, þar er allt sem vantar í daglegu amstri, búðir, apótek, pósthús og bara allt. Svo ef löngun nær tökum á manni, þá er meira að segja hægt að fara í pool á Rauða ljóninu. Þarna er bara allt sem hugurinn gírmist. Það hefur komið nokkrum sinnum fyrir að við höfum vaknað og áttað okkur á því að það er ekki til brauð í morgunmatinn og þá höfum við bara tölt yfir í náttbuxunum og náð okkur í brauð,“ segir Þórdís kampakát. „Við erum ekki með neinn sérstakan stíl, íbúðin okkar ber þess merki að við erum búin að umkringja okkur dóti sem okkur þykir mjög vænt um, það hefur alltaf verið meira leiðarljós hjá okkur heldur en einhver einn stíll. Það er ekki langt síðan ég kláraði námið og þetta er fyrsta sambúðin sem ég hef verið í. Þetta er svona blanda af mínu dóti og hans, og við svona fundum út hvað ætti best saman,“ segir Þórdís um stíl þeirra hjóna. „Sýningin verður á fjölonum eitthvað áfram en það er takmarkaður sýningarfjöldi,“ bætir Þórdís við. Hún er að vonum ánægð með lífi þessa dagana. Það er því um að gera að vera soldið farsí á því og drífa sig á Hungur.

STOFA:

Dálitill samtíningur í gangi, allt í röð og reglu, smá hippafillingur með seríu sem hangir á bókahillunni og pullunni á gólfinu. Enn styrkir þetta trú mína á því að þetta sé áhugafolk um tónlist því þarna er gamalt pianó sem þau gætu hafa fengið frá ömmu sinni. Þau hafa örugglega ferðast mikið og eiga fullt af vínun því þarna eru mörg myndaalbúm í hillunni. Þau gætu verslað í Góða hirðinum, ekta svona sem leikarar eða listamenn gera mikið, ekkert snobb í gangi. Bangsinn er úr æsku hans, en annars held ég að héra búi engin börn.



SVEFNHERBERGIÐ:

Látlaus stemning, getur verið að hann búi hér einn og fái hana í heimsókn? Hún er kannski bara með eina tvær skúffur ennpá?



LOKANIÐURSTADA:

Ungt, ástfangið par um þrjúget, barnlausir listamenn sem hafa mikið að gera og þurfa kaffið sitt á morgnana.



Þar sem árangurinn hefst !!


ÍÞRÓTTA BÚÐIN
Grensásvegur 16 / 108 Reykjavík

S: 568-0111 www.ithrottabudin.is





SPURNINGAKEPPNI RAUÐHÆRÐRA

SVAVA ANNE VS. SKARI TNT

ÞAÐ ER KOMIÐ AÐ ÞRIÐJU VIÐUREIGNINI Í SPURNINGAKEPPNI RAUÐHÆRÐRA. Í ÞETTA SKIPTI MÆTAST ÞAU SVAVA ANNE, NEMI OG FYRRVERANDI IDOL-KEPPANDI, OG ÓSKAR BERGUR HLÖÐVERSSON, MEÐLIMUR KALL-ANNA.IS, EÐA SKARI TNT EINS OG FLESTIR KALLA HANN. HVORT ÞEIRRA NÆR AÐ BÓKA FARSEÐIL Í UNÐANÚRSLIT?



1. HVER HAFDI HÁR Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU DAGA EINS OG SEGIR Í TEXTANUM?

Svava Anne: Ég veit það ekki.
Skari TNT: Ómar Ragnarsson.



2. GÍSLI FELIX BJARNASON, FYRRVERANDI HANDBOLTAMARKVÖRÐUR, ER SONUR HVADA ÞEKKTA MANNS?

Svava Anne: Bjarna Fel.
Skari TNT: Bjarna Fel.




3. FRÁ HVADA KAUPSTAÐ ER HELGA BRAGA LEIKKONA?

Svava Anne: Neskaupstað.
Skari TNT: Ísafirði.



4. HVAD VAR GERI HALLIWELL KÖLLUÐ Í SPICE GIRLS?

Svava Anne: Ég man það ekki.
Skari TNT: Ginger Spice.




5. Í HVADA KAUPSTAÐ ERU ÍRSKIR DAGAR HALDNIR?

Svava Anne: Á Akranesi.
Skari TNT: Í Stykkishólmi.



6. HVERS LENSUR ER PAUL SCHOLES?

Svava Anne: Enskur.
Skari TNT: Enskur.



7. HVAD HEITIR MAÐURINN SEM JÓN GNARR LEIKUR Í LOTTÓAUGLÝSINGUNUM?

Svava Anne: Lýður Oddsson.
Skari TNT: Lýður Oddsson.




8. Í HVADA SPENNUPÁTTUM LEIKUR DAVID CARUSO?

Svava Anne: CSI.
Skari TNT: CSI Miami.



9. CHRIS EVANS ER VINSÆLL Í HEIMALANDI SÍNU, ENGLANDI, EN FYRIR HVAD ER HANN ÞEKKTUR?

Svava Anne: Sjónvarpsmaður.
Skari TNT: Útvarpsmaður.



10. HJÁ HVADA HÁSKÓLA STARFAR GEIR SVEINSSON, FYRRUM HANDBOLTAHETJA?

Svava Anne: Háskóla Íslands.
Skari TNT: Háskólanum í Reykjavík – Íþróttakademíunni í Keflavík.



6. HVAD HEITIR MAÐURINN SEM JÓN GNARR LEIKUR Í LOTTÓAUGLÝSINGUNUM?

Svava Anne: Lýður Oddsson.
Skari TNT: Lýður Oddsson.



8. Í HVADA SPENNUPÁTTUM LEIKUR DAVID CARUSO?

Svava Anne: CSI.
Skari TNT: CSI Miami.



9. CHRIS EVANS ER VINSÆLL Í HEIMALANDI SÍNU, ENGLANDI, EN FYRIR HVAD ER HANN ÞEKKTUR?

Svava Anne: Sjónvarpsmaður.
Skari TNT: Útvarpsmaður.



10. HJÁ HVADA HÁSKÓLA STARFAR GEIR SVEINSSON, FYRRUM HANDBOLTAHETJA?

Svava Anne: Háskóla Íslands.
Skari TNT: Háskólanum í Reykjavík – Íþróttakademíunni í Keflavík.



HÆ!

Talhólfskveðja fyrirsætunnar Önnu Rakelar Róbertsdóttur er svohljóðandi:

„Hæ þetta er Anna Rakey, skildu eftir skilaboð.“

Hin þokkafulla fyrirsæta, Anna Rakey, á skilið skömm í hattinn fyrir talhólfskveðju sína. Kveðjan er alltof stutt og snubbótt. Þá er tónninn í röddinni leiðinlegur og alls ekki til þess fallandi að feiminn strákur þori að leggja inn stutta kveðju. Annar mínus við talhólfid er að hún kemur ekki með enska kveðju, en menn eins og Bjarki Birgisson og Einar Bárðarson eru báðir með kveðju á ensku á sínum talhólfulum enda aldrei vita nema útlönd séu á línunni. Eina jákvæða við talhólfid er að rödd Önnu Rakelar er lúmskt sexí. Þótt tónninn sé leiðinlegur er einhver hráleiki í rödd hennar sem kveikir í karlpeningnum.

TALHÓLF FREGA ÓLKSINS...

☆☆☆☆☆



GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON – BETUR ÞEKKTUR SEM ERRÓ.

LISTAMAÐUR VERÐUR TIL

Sumir kvarta stöðugt yfir því að ekkert sé hægt að gera á sunnudögum en Sirkus RVK er kominn til bjargar. Núna á sunnudaginn verður Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir með leiðsögn um sýninguna Listamaður verður til, úr Errósafninu, sem fer fram í Listasafni Reykjavíkur. Þetta ættu fáir að láta fram hjá sér fara og hefst fjórð kl. 15. Öll verkin á sýningunni eru úr Errósafni Listasafns Reykjavíkur og gefa áhugaverða mynd af hæfileikaríkm og vinnusömum, ungum manni sem frá barnæsku einsetti sér að verða listamaður.

HEIMASÍÐA VIKUNNAR

ALLT UM BÍSEPPINN

Heimasíða vikunnar er ebicep.com. Á síðunni fræðist lesandinn um allt sem tengist upphandleggsvöðvanum, eða bíseppnum eins og hann er oftast kallaður.

Hvað á að éta til að fá stóran bísepp, hvaða æfingar á að taka, myndir af stórum bíseppum – allt er þetta að finna á verðlauna-síðunni ebicep.com. Sirkus RVK mælir sérstaklega með fimm skrefum til að byggja upp hinn fullkomna bísepp.



ÞETTA KU VERA STÆRSTU UPPHANDLEGGSVÖÐVAR Í HEIMI!



EBICEP.COM

SIRKUSTVÍFARAR



GUÐRÚN ÞÓRSDÓTTIR, KONA JÓHANNESSAR Í BÓNUS.



STEINUNN ÞÓRA CAMILLA, NYLON-STÚLKA.

Tvífarar vikunnar að þessu sinni eru nauðalíkir. Það eru þær Guðrún Þórsdóttir, kona Jóhannesar í Bónus, og Steinunn Þóra úr Nylon. Það sem er einna líkast með þeim stöllum er nefið og þegar Steinunn hefur sett upp gleraugu eru þær nánast eins. Það eru þó nokkur ár sem skilja þær að og hárlitur þeirra er ólíkur, önnur dökk en hin ljós. Ef Steinunn aftar á sér hárið eftir nokkur ár verðum við komin með sömu manneskjuna.

STÓRGÓÐUR



Lipur
Traustur
Öruggur
Rúmgóður
Hagkvæmur
Skemmtilegur
Endursöluvænn

= STÓRGÓÐUR

Polo Trendline 1.395.000 kr.

Pú getur eignast hann með aðeins 139.500 kr. útborgun, miðað við bílasamning SP



Aus Liebe zum Automobil



VOR OG SUMARLÍNA

„VIÐ VORUM AÐ TAKA VIÐ ÞESSARI BUÐ OG VILDUM POPPA ÞETTA AÐEINS UPP SVO VIÐ SKELLTUM UPP FLOTTRI SÝNINGU,“ SEGIR EINAR KARL BIRGISSON. Á FIMMTU-DAGINN VAR HÉLT VERSLUNIN TÍSKUSÝNINGU Í TÍLEFNI AF NÝJU LÍNUNNI OG EIGENDASKIPTUNUM. SIRKUS RVK ÁKVAÐ AÐ SJÁLFSÖGÐU AÐ LÍTA VIÐ ENDA MÁTTI BÚAST VIÐ AÐ SJÁ FAGRA KROPPA SPRANGA UM OG SÝNA NÝJU VOR- OG SUMARLÍ-UNA. „NÚNA ER CHANGE KOMIÐ UNDIR SAMA HATT OG OASIS OG COAST,“ SEGIR KALLI, AÐ VONUM ÁNÆGGÐUR.


SIRKUS RVK VILDI AÐEINS FORVITNAST UM NÝJU LÍNUNA OG TALAÐI VIÐ SÉRFRÆÐ-INGINN HANA AGNESI, VERSLUNARSTJÓRA Í CHANGE. „ÞETTA ER DÖNSK GÆÐAVARA FYRIR ALLA ALDURSHÓPA. VIÐ ERUM AÐALLEGA MEÐ BIKINÍ EN EINNIG UNDIRFÖT. VIÐ ERUM MEÐ SÉRSTAKLEGA GOTT ÚRVAL HVAÐ VARÐAR STÆRÐIR OG ÞÆR ERU ALLT FRÁ FRÁ 70B TIL 90H, SEM ER ALVEG FRÁBÆRT. ÞAÐ SEM ER SVO HVAÐ BEST VIÐ LÍNUNA HJÁ OKKUR ER AÐ ÞAÐ ER HÆGT AÐ KAUPA ALLT STAKT, SEM ER ALVEG NAUÐSYNLEGT FYRIR OKKUR KVENFÓLKID. VIÐ ERUM MEÐ HALDARA Í ÞREMUR SNIÐUM, HEILSKÁLAR, PUSH UP OG HÁLFSKÁLAR. HVAÐ VARÐAR HEITA LITI GET ÉG NEFNA LJÓSAN, BLEIKAN OG MINTUGRÆNAN, OG EINNIG SVOKALLAÐAN „COFFEE“ LIT. GRÆNT OG BRÚNT VIRÐIST VERA AÐ KOMA STERKT INN EN ÞESSI BLEIKI ER ÁVALLT VINSÆLL Í UNDIRFÖTUM. LITIR Í BIKINÍUM ERU FJÖLBREYTTARI OG MÁ SEGJA AÐ ÞAR RÍKI BARA ALGJÖR LITAGLEÐI,“ SEGIR AGNES, ÁNÆGGÐ MEÐ NÝJU LÍNUNA.



SVART ALLTAF KLASSÍSKT



RÚNAR GÍSLASON,
JÓN ARNAR OG KATLA
JÓNASDÓTTIR EIGENDUR



KAREN DRÍFA

CHANGE 2006



KOLBRÚN,
UNGFRÚ ÍSLAND
ÁRÍÐ 2001



LAUFY KARITAS,
ALLTAF FLOTT



YASMIN OLSSON OG INGIBJÖRG
EIGANDI CHANGE



EINAR KARL BIRGISSON OG
AGNES MARINÓSDÓTTIR
VERSLUNARSTJÓRI CHANGE

„Þetta er í grófum dráttum ádeila á íslenskt fjölskyldulíf,“ segir Íris Stefanía Skúladóttir sem er gjaldkeri Leikfélags Menntaskólans við Hamrahlíð. Leikfélagið setur nú upp spuna-verkið Íslenski fjölskyldusirkusinn í Verinu í Loftkastalanum.

MISNOTKUN, ALKÓHÓLISMI OG RASISMI

Verkið gerist inni í sirkus. „Öll sirkusdýrin vilja hætta í sirkusnum og sirkusstjórinn er ekki ánægður með það. Dýrin vilja venjulegt líf með fjölskyldu,“ segir Íris. „Þá ákveður sirkusstjórinn að varpa upp myndum af mismunandi fjölskyldum. Við sjáum fjölskyldur í gegnum sirkusinn. Fimm fjölskyldur eru teknar fyrir og í þeim er meðal annars að finna alkóhólsima, rasisma, misnotkun og ýmsa aðra kvilla. Sirkusstjórinn er að sýna þetta til að fá fólk til að halda áfram að vera í sirkusnum,“ segir Íris og er fróðlegt að sjá hvernig sirkusstjóranum tekst til með það.

LÆRDI SIRKUSTÆKNI Í SVÍPÞÓÐ

Sigrún Sól Ólafsdóttir leikstýrir verkinu, Árni Grétar er aðstoðarleikstjóri og sér um dans, en Íris sá sjálf um að útsetja sirkusinn. „Við erum öll amatórar í leikfélaginu en í sum-

„ÞETTA ER ORÐIÐ ALGERT RUGL HJÁ LEIKFÉLÖGUNUM Í SKÓLUNUM. MÉR FINNST LEIKFÉLÖGIN OFT GLEÝMA ÞVÍ AÐ ÞAU ERU ÁHUGALEIKHÚS.“

ar fór ég á nýsirkusnámskeið hjá Sirkus sirkör sem er stærsti evrópski sirkusinn en hann er sænskur. Síðan fór ég til Svíþjóðar og bjó hjá einum af kennaranum okkar og var á sirkusnámskeiði í tíu daga. Svo dró ég kennarann minn til baka svo hann gæti kennt okkur á þetta,“ segir Íris en hún hafði ekki alltaf séð fyrir að sirkusatríðin kæmu til með að vera í verki leikfélagsins. „Ég ætlaði ekkert að troða sirkusinn í sýninguna. En svo leist leikastjóranum svo vel á þetta þannig að við ákváðum að hafa þetta með.“ Hópurinn sem kemur að verkinu er talsvert stór en hann hefur á að skipa milli 50 og 60 manns. 40 manns sem eru á sviði.

LEIKFÉLÖG EYÐA OF MIKLUM PENINGUM

Íris stofnaði stjórn leikfélagsins og ákvað að vera gjaldkeri í henni. „Það var vegna þess að ég stofnaði þetta með það í huga að lækka útgjöld – sýna fram á að það þyrfti ekki að eyða



LEIKFÉLAG MENNTASKÓLANS VIÐ HAMRAHLÍÐ FRUMSÝNIR VERKIÐ ÍSLENSKI FJÖLSKYLDU-SIRKUSINN Í KVÖLD Í VERINU Í LOFTKASTALANUM. VERKIÐ ER ÁDEILA Á ÍSLENSKT FJÖLSKYLDULÍF AÐ SÖGN GJALDKERA LEIKFÉLAGSINS.

H&N-mynd Sirkusmyndir – Anton Brink

SIRKUS MEÐ MISNOTKUN, RASISMA OG ÁFENGISSÝKI

tveimur til þremur milljónum í þetta,“ segir Íris en henni hefur tekist að vel til. Þessi sparnaður hefur ekki einungis skilað sér til skólafélags MH heldur einnig til áhorfandans sem nýtur hans í miðaverði sem er talsvert lægra en gengur og gerist. „Þetta er orðið algert rugl hjá leikfélögunum í skólunum. Mér finnst leikfélögin oft gleýma því að þau eru áhugaleikhús,“ segir Íris.

HELGI RAFN MEÐ TÓNLISTINA

Krökkunum leikfélagi Menntaskólans í Hamrahlíð hefur tekist vel til við sparnað með-

al annars vegna þess að aðkeyptri vinnu er haldið í lágmarki. „Eina sem er aðkeypt eru leikstjórinn og ljósaönnuður. Annað gerum við sjálf,“ segir Íris og á það einnig við um tónlistina. Það er kunnulegt trýni sem sér um þá hlið mála en það er enginn annar en sjálfur Helgi Rafn Ingvarsson sem Íslendingar þekka best úr Idol-stjörnuleit. Íris segir að Helgi sýni á sér allt aðra og rétta hlið í þessu verki þar sem hann semur og útsetur allar tegundir tónlistar. Hún viðurkennir að það fari honum mun betur en niðursoðið Smáralindargaul.

Í INNTÖKUPRÓFI FYRIR LEIKLIST

Íris segist sjálf hafa mikinn áhuga á leiklist og leikhúslífi yfir höfuð. Nú stendur yfir inntökupróf í leiklistardeild Listaháskóla Íslands og lætur Íris ekki að sér hæða í þeim efnum. Einn niðurskurður er búinn og komst Íris í gegnum hann. Annar fer fram á næstunni. „Ég ætlaði nú ekkert í inntökupróf,“ segir Íris sem lét þó slag standa og skelli sér í prófið. Þeir sem vilja sjá sýningu MH geta farið inn á heimasíðuna www.nfmh.is/ifs og nálgast allar upplýsingar þar.

SHS



VERÐUR JARÐAÐUR Í SERBIA

SLOBODAN MILOSEVIC
VERÐUR JARÐAÐUR Í
SERBIA.



34 FÆREYSKA FRÉTTIN

H&N-mynd Sirkus myndir – Nordic photos/ Gettyimages

Serbiski sosialistaflokkurinn kunngjörði í gjárkvöldið, at Slobodan Milosevic verður jarðaður í Serbia.

Næstformaðurinn í flokkinum segði, at einkjan eftir Milosevic, Mira Markovic, og sonurinn hava gjort av at jarða hann í föðilandinum.

Líkið av Milosevic varð latið soninum mánadagin, og um middagsleitið í dag fer tað við flogfari úr Amsterdam til Beograd, skripar Reuter.

Mira Markovic er annars ákærð fyrri svik og valdismisnýtslu í Serbia, men ein dómstólur hevur gjort av, at hon skal ikki handtakast, tá hon kemur at fylgja mannum til gravar.





Fimbulvetur í samstarfi við Borgarleikhúsið kynnir **Hungur**,
spennuleikrit eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur Bachmann

ást • höfnun • sambönd • matur • ímynd • fíkn • fegurð • kynlíf • stjórnun • sjálfsagi • fullkominun • hungur

Hvað langar þig mest í?

Sýnt í Borgarleikhúsinu
Miðasala í síma 568 8000 eða
á www.borgarleikhus.is
Sjá upplýsingar á www.hungur.com

Leikendur: Helga Braga Jónsdóttir
Elma Lía Gunnarsdóttir
Þorsteinn Bachmann
Ásta Sighvats Ólafsdóttir
Leikstjóri: Guðmundur Ingi Þorvaldsson



BORGARLEIKHÚSIÐ



WULFGANG ER FIMM MANNA HLJÓMSVEIT SKIPUÐ ÞEIM HUGA, ÖRVARI, ÍVARI, DAVÍÐ OG BJÖSSA. WULFGANG-MENN ERU BÚNIR AÐ VERA Í STÚDIÓI, ÞEIR ERU MEÐ NÓG EFNI FYRIR PLÖTU OG MACHINERY-LAGIÐ ÞEIRRA ER Á TOPP TÍU-LISTA DOMINOS. SIRKUS RVK. ÞYRSTIR Í SMÁ FRÓÐLEIK UM ÞESSA STRÁKA OG SPJALLAÐI AF ÞVÍ TIL- EFNI VIÐ HUGA, SÖNGVARA WULFGANG.



FALLEGIR, FUNHEITIR OG FERSKIR. STRÁKARNIR Í WULFGANG ERU AÐ RÁÐAST INN Á MARKAÐINN MEÐ LÁTUM.

ROKKARAR

„Við erum fimm manna hljómsveit og byrjuðum í október 2004,“ segir Hugi, einn af meðlimum hljómsveitarinnar Wulfgang. Hljómsveitin er að gera góða hluti og hefur verið iðin við tónleikahald að undanfögnu. Þetta eru miklir músikantar sem koma til dyranna eins og þeir eru klæddir. Sirkus RVK vildi heyrna hvernig framtíðin hljómar hjá þeim piltum.

KLASSÍSKT SIXTÍSROKK Í NÝALDARBÚNINGI

„Við spilum samsuðu af klassísku sixtísrokk í nýaldarbúningi en við kjósum sjálfir að kalla það heimspekirokk. Þetta er heimspekilegt að mörgu leyti en aðallega út af textunum. Ég sé um textasmíð en þetta er frekar epískt hjá okkur,“ segir Hugi, hinn háfleygi söngvari hljómsveitarinnar. Þegar við forvitnumst um

MEÐ GRÍSKT-RÓM-VERSKT VAXTARLAG

búninga og sviðsframkomu segir Hugi þá vera voða lítið fyrir skrípalæti. „Við erum bara við sjálfir og mætum til dyranna eins og við erum klæddir,“ segir hann.

Hvers vegna eruð þið saman í hljómsveit?

„Af því að við erum allir rokkarar af guðs náð og þurfum að fá útrás fyrir það. Þegar rokkið kallar, þá þarf maður bara að svara,“ segir Hugi og hlær.

AFKASTAMIKLIR UNGIR MENN

„Það er plata á döfinni. Við erum alltaf mjög duglegir að æfa og við semjum alveg fullt af lögum. Við erum mjög afkastamiklir ungir menn og eigum úr heilmiklu að móða þegar kemur að því að setja í eina plötu. En annars erum við í miðjum samningamálum, svo það er nú ekki hægt að minnst á margt eins og stendur. Við erum í samstarfi við Cod, eða Þorsk, sem tónlist.is á, og erum búnir að vera að taka upp í Sírlandi á þeirra vegum,“ segir Hugi um nýju plötuna. „Við vorum síðast á Gauknum en næstu tónleikar verða í Stúdentakjallaranum föstudaginn 24. mars. Það erum við, Wulfgang, og trúbadorinn Helgi Val-



ur mikli sem spilum, svo munum við taka lagið saman,“ segir Hugi, sem er að vonum spenntur fyrir kvöldinu.

MACHINERY-VÍDEÓ Í VINNSLU

„Við erum með lag í spilun núna, Machinery, sem er komið í tífunda sæti á Dominos-lista 977, eftir bara tvær vikur á listanum. Það er mjög fínt. Við erum að fara að byrja vídeóupptökur við lagið sem við gerum sjálfir, enda eru kvikmyndamaður og grafíkerar og alls kyns braskarar í þessari hljómsveit. Útvarpsmenn í Kanada hafa verið að hafa samband við okkur og við erum að fara í spilun þar,“ segir Hugi, sem segir þá Wulfgang-meðlimi ekki óánægða með það. Fyrir þá sem vilja fylgjast með ferðum Wulfgang geta farið á myspace.com/wulfgangtheband.

10 TÓNLEIKASERÍA

„Fyrir utan þetta allt saman er að fara af stað 10 tónleikasería. Þetta er sem sagt sería upp á tíu tónleika, þar sem við ætlum alltaf að spila með nýrri hljómsveit í hvert sinn á nýjum stað og gefa ágóðann til líknarmála. Við viljum endilega minnst á að við erum upp með okkur með viðtökurnar sem við höfum fengið. Að fara frá því að hafa verið innilokaðir í hljómsveitarhúsnæði í meira en ár í það að geta ekki farið neitt án þess að heyrna lagið í spilun er alveg heilmikil viðbrögð. Við erum ótrúlega ánægðir með viðbrögðin sem við höfum fengið,“ segir Hugi stoltur.

Það er farið að hitna svolítið í kolunum þar sem spjallið er farið að rísa í persónulegri átt. Í átt að strákunum, fasi þeirra og vexti.



MEÐ GRÍSK-RÓMVERSKAN VÖXT

Hver er staðan á ykkur?

„Við erum virkilega skemmtilegir menn, í raun hver öðrum skemmtilegri. Við erum húmoristar af guðs náð og tilfinningaríkir. Já, bara bráðskemmtilegir í alla staði, þótt ég segi sjálfur frá,“ segir Hugi og skellir upp úr. „Við erum erum allir á lausu, það er svona nýtt hjá okkur,“ segir hann og það má heyrna gleðistunu hinum megin á línunni. Það er því ekki eftir neinu að bíða og best að spyrja spurningarinnar sem allar stúlkur verða að fá svarið við: *Eruð þið þá að leita ykkur að eðalkvenfólki (og ég hugsa mér að sjálfsgöngu gott til glóðarinnar)?* „Já, eða það að leita að okkur,“ segir Hugi, ánægður með áhugann. Við spjöllum nett saman þar sem það er alltaf gott að mingla og ég kemst að því að þeir eru, að eigin mati að minnsta kosti, með grísk-rómverskt vaxtarlag. Stelpur, haldið ykkur fast, hljómfagrir og sjónfagrir eru strákarnir í Wulfgang.





NÝTT

• Mexican Lime

LÉTTKOLSÝRT

Það sést
hverjir drekka
Kristal



LÁRA – SKÓR KRON SVARTIR 12900 KR.
SAMFESTINGUR SPÚTNIK 6200 KR. SPÖNG
KVK 4500 KR. OG KORSELETT 12.900 KR.
ROKK OG RÓSIR .

GLAMÚR & GLÆSILEIKI

ÞAÐ ER FARIÐ AÐ HLÝNA Í VEDRI OG FÓLK FARIÐ AÐ SJÁST HLAUPA ÆGÍ-
SÍÐUNA SEM MINNIR Á SUMAR OG SÓL. HVAÐ ER FEGURRA EN ÍSLENSKA
NÁTTÚRAN Í SÓLARLAGINU ÞEGAR VORIÐ NÁLGAST? ÞEGAR VIÐ BÆTAST
TVÆR ÍÐILFAGRAR MEYJAR GETUR ÚTKOMAN EKKI ORÐIÐ ANNAÐ EN
AUGNAYNDI. ÁLFKONURNAR SIGGA OG LÁRA FÓRU Í ÆVINTÝRAFERÐ UM
HRAUNIÐ OG HITTU FYRIR KÓR OG NOKKUR TRÖLL.



LÁRA – KJÓLL GYLLTI KÖTTURINN 8100 KR. SPÖNG
KVK 4500 KR. OG SKÓR SHOESTUDIO 8900 KR.
SIGGA – KJÓLL ILLGRESI 3900 KR. OG SKÓR SHOE
STUDIO 11500 KR.



LÁRA – KJÓLL GYLLTI KÖTTURINN 8.100 KR. SPÖNG
KVK 4.500 KR. OG SKÓR SHOE STUDIO 8900 KR.



SIGGA – KJÓLL ROKK OG RÓSIR 8100
KR. SKÓR SHOE STUDIO 11900 KR.





SUMAR OG VORLÍNAN 2006 SEM VAR SÝND Á MILAN MENSWEAR WEEK.



STELPULEGT OG SAKLAUST




MIUCCIA PRADA OG PATRICIO BERTELLI EIGANDI PRADA.

YFIRBRAGÐ PRADA ER ÁVALLT HÁGÆÐAKLASSI, KYNÞOKKINN ER LÆVÍS EN Í HÁMARKI. HEILDARÚTLITID VAR MJÖG KVENLEGT OG GLÆSILEGT EN ÞAÐ HEFUR EINMITT VERID EINKENNI PRADA SIÐUSTU ÁR. MIU MIU MÁ SEGJA AÐ SÉ DÓTTURFYRIRTÆKI PRADA, ÞAÐ ER AÐ SEGJA ÞAÐ ER SAMI EIGANDI OG HÖNNUÐUR, MIUCCIA PRADA. MIU MIU HEFUR ALLTAF VERID MUN STELPULEGRI OG SKEMMTILEGRI EN PRADA OG HÖFÐAR TIL YNGRI ALDURSHÓPS. EINKENNI SÝNINGARINNAR VORU „DÚKKULEGIR ÞJÓÐBÚNINGAR“ Þ.E. KJÓLAR OG PILS, EINS OG SJÁ MÁ Á DÚKKUM FRÁ AUSTUR -EVROPU. PILSIN VORU MJÖG ÍBURÐARMIKIL MEÐ ALLSKYNS MYNSTRI OG ÍSAUMUÐUM SMÁATRIDUM OG FYLGDU MEÐ AÐSNIÐNAR JAKKAPEYSUR EÐA JAKKAR Í VÍNRAUÐU, DÖKKBLÁU OG LJÓSBLEIKU. RÓMANTÍKIN VAR EINNIG VIÐLÖÐANDI SÝNINGUNA EINS OG ÚTSAUMAÐAR, LITLAR BLÚSSUR, MÍNÍPILS ÚR BLÚNDU OG SIÐ PILS Í BLEIKUM OG LJÓSBRÚNUM LITUM. ÞAÐ KOM ÞVÍ ENGUM Á ÓVART AÐ YFIRBRAGÐ SÝNINGARINNAR VAR MJÖG STELPULEGT OG SAKLAUST.



HAUST OG VETRARLÍNAN 2005/6, Á MILAN FASHION WEEK.



Nicotinell®

Gott bragð til að hætta að reykja!



**Reyklaus
með Nicotinell**

ÚTVARPSMAÐURINN ÁRNI MÁR VALMUNDARSON ER MEÐ MÖRG JÁRN Í ELDINUM. HANS ÚTVARPSFERILL SPANNAR BRÁTT TÍU ÁR EN HANN HÓFST Á FROSTRÁSINNI Á AKUREYRI.



ÁRNI MÁR ER FUNHEITUR Á SÍÐEGISVAKTINNI.

H&N Mynd Sirkusmynd - Gassi

GERIR MEIRA EN AÐ VERA Í LOFTINU

„Þetta er ekki rólegt og rómantískt, ég er frá 18–22 alla virka daga,“ segir Arni Már Valmundarson um sinn dagskrárlið á FM957. „Þetta er náttúrulega bara stuð og stemning, það er bara fim-tónlist allan tímann. Það er í raun ekki eitthvað ákveðið í þættinum ennþá en það er allt í vinnslu. Við erum að vinna í einu dæmi sem verður í þættinum, í einn eða tvo daga og heitir 7@7. Þetta verður þannig að við tökum 7 heitustu lögin á stöðinni á þættinum.“ segir Arni Már um nýja liðinn í þættinum.

FMPLÚS-KLÚBBURINN

„Þetta verður gert þannig að það verður farið eftir íslenska listanum og svo erum við

með klúbbinn FMplús. Hann virkar þannig að þar geta allir geta skráð sig og núna eru tæplega 7000 manns í FMplús. Meðlimir klúbbsins geta haft áhrif á val tónlistarinnar sem er hvað vinsælust hverju sinni á FM. Við sendum út e-mail í hverri viku með lagalista og bútum úr hverju lagi fyrir sig, svo fólk geti hlustað. Svo gefa klúbbfélagarnir einkunn og þannig dæmum við hvaða tónlist er vinsælust hverju sinni,“ segir Arni um aðferðir til að finna út hvað sé vinsælt hverju sinni.

BYRJADI Á FROSTRÁSINNI

„Ég byrjaði í útvarpi í september árið 1997,“ segir Arni Már, aðspurður um útvarpsferilinn. „Þá byrjaði ég á útvarpsstöð á Akur-

eyri sem hét Frostrásin. Ég er Akureyringur í húð og hár. Mér þótti þetta alveg afskaplega skemmtilegt. Svo fékk ég atvinnutilboð og var boðið að taka næturvaktina á FM957 og það hefur heldur betur undið upp á sig. Í dag er ég svo að gera margt annað fyrir stöðina en að vera í loftinu. Ég sé um öll kynningarmál fyrir FM957 og X-ið, allt sem tengist prómó-málum. Síðan sé ég um lið sem heitir Sviðsljósið. Í þættinum eru stuttar Hollywoodfréttir sem koma á klukkutíma fresti á FM957, og síðast en ekki síst er ég að klippa Sirkus RVK, þáttinn hans Ásgeirs Kolbeins, eða Kolb öllu heldur,“ segir Arni Már um prógrammið hjá sér þessa dagana.

SEJ

RAFSTUÐ Á NASA LUKE VIBERT MÆTTUR Á KLAKANN



DJ GORBATSJOV KEMUR OG SPILAR. ÞESSI ER ÞÓ EKKI Á VEGUM EINARS BÁRÐARSONAR OG LJÓST ER AÐ REAGAN VERÐUR ÓRAFJARRI ENDA ALLUR.

26

Breski raftónlistarmaðurinn Luke Vibert er mættur á klakann og ætlar að spila á Nasa í kvöld. Hann verður alls ekki einn um fjörið því drengirnir í Dr. mister & Mr.Handsome spila einnig á Nasa í kvöld. Lag þeirra Kokaloca er afar vinsælt um þessar mundir en þeir félagar eru ókrýndir konungar íslenskrar raftónlistar þessa dagana.

Auk þeirra verða Biggi veira úr GusGus, DJ Gorbatsjov og nýliðinn DJ Xylic á staðnum til að þeyta skífum. Dj Gorbatsjov (Jóhann Helgi) er gestgjafi kvöldsins, ásamt þeim Reyni og Pétri Jökli. Þeir þremmenningar eru með þáttinn Rafræn Reykjavík á X-inu 977. Í þættinum spila þeir allt það nýjasta í rafrænni tónlist, bæði hér heima og ytra.



DR. MISTER & MR. HANDSOME SPILA Í KVÖLD Á NASA.

Útvarp **X** 97.7

X-LISTINN TOPP 20

SÆTI	FLYTJANDI	LAG
1.	Fræ – Freðinn Fáviti	
2.	System Of A Down – Lonely Day	
3.	Bullet For My Valentine – All These Things I Hate	
4.	Future Future – Code Civil	
5.	The Darkness – Is It Just Me	
6.	Ampop – Clown	
7.	Strokes – Heart In A Cage	
8.	10 Yaers – Wasteland	
9.	Dead Sea Apple – Bearer Of Bad News	
10.	White Stripe – Walking With A Ghost	
11.	Dr. Mister & Mr. Handsome – Boogie Woogie sensation	
12.	Wulfgang – Machinery	
13.	Death Cab For Cutie – Crooked Teeth	
14.	Avenged Sevenfold – Beast And The Harlot	
15.	Jeff Who – Barfly	
16.	Wolfmother – Dimension	
17.	Nilfisk – On Display	
18.	She Wants Revenge – Tear You Apart	
19.	Númer Núll – Smáborgin	
20.	Dimma – Big Bad Mama	

LITLA FRÆIÐ ER ORÐIÐ AÐ BAUNAGRASI OG KOMIÐ Á TOPPINN.

FM 957 ÍSLENSKI LISTINN TOPP 20

SÆTI	FLYTJANDI	LAG
1.	Silvía Nótt	Til Hamingju Ísland
2.	Mary J. Blidge	One
3.	Cascada	Everytime We Touch
4.	Eminem / Nate Dogg	Shake That
5.	Stained	Right Here
6.	All American Reject	Dirty Little Secret
7.	Kelly Clarkson	Gone
8.	Lee Ryan	When I Think Of You
9.	Click Five	atch Your Wave
10.	Gwen Stefani	Crash
11.	Craig David	Unbelievable
12.	Daniel Powder	Free Loop
13.	Dr. Mister & Mr. Handsome	Kokaloca
14.	Pink	Stupid Girl
15.	Neyo –	So Sick
16.	Pussycat Dolls	Beep
17.	Lifehouse –	Blind
18.	White Stripes	My Doorbell
19.	Ampop –	My Dellusions
20.	Kelly Clarkson	Walk Away

SILVÍA NÓTT SITUR SEM FASTAST Á TOPPI LISTANS

Sódóma Reykjavík


SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAM SIRKUSS RVK FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS

SKEMMTI STAÐIR

FÖSTUDAGUR 17. MARS

CAFÉ ÓLIVER

Á föstudagskvöldið er Dj Balli við stjórnvölinn á Óliver og spilar frábæra tónlist fram á rauða nótt. Fallega fólkið skemmtir sér á Óliver og verður ekki fyrir vonbrigðum með tónlistina hans Balla í eyrunum.



SÓLON

Í búrinu á Sólon á föstudagskvöld er enginn annar en nýjasti piparsveinninn og útvarpsmaðurinn knái Rikki G en hann verður með hnakkatónlistina á hreinu langt fram undir morgun.



HVERFISBARINN

Á föstudagskvöldið mun Bjarki Batman sjá um geislann á Hverfisbarnum en strákurinn hefur verið að spila undir verndarvæng Kidda Bigfoot. Á föstudag ætlar strákurinn að gera allt vitlaust á Hvebbanum og mega dansgláðar dömur vara sig.

HRESSÓ

Á föstudagskvöldið spilar hljómsveitin Touch fyrir dansi í Hressingarskálunum og má búast við rafmagnaðri stemningu á staðnum eins og vanalega.



PRIKID

Dj Rósa.

NASA

Ampop heldur lokatónleika sína hér á Nasa en þeir piltar hafa verið að túra um landið ásamt Dikta og Hermigervli í samstarfi við RÁS 2. Húsið er opnað kl. 20 og miðar eru seldir á midi.is og í verslunum Skifunnar.

Aldurstakmark 20 ára

GAUKURINN

Tónleikar með Shadow Parade, mrs. Pine, Nilfisk, Coral og Touch.

LAUGARDAGUR 18. MARS

CAFÉ ÓLIVER

Á laugardagskvöldið er það ekkert annað en hið frábæra tvíeyki Suzy & Elvis sem stjórna stuðinu á Café Óliver og verður enginn svikinn af þeim skötujuum frekar en fyrri daginn.

VICTOR

Dj Þröstur 3000 hefur marga fjöruna sopið í plötusnúðabransanum og er flestu vanur en kappinn mun þeyta skífum á Café Victor á laugardagskvöldið eins og enginn sé morgundagurinn.



SÓLON

Jón Gestur þeytir skífum á Café Sólon á laugardagskvöldið en strákurinn er nýr í plötusnúðabransanum. Gefum strákn-um séns og vonum það besta.

HVERFISBARINN

Á laugardagskvöldið er Dj Stef. við völd á Hverfisbarnum og hafa margir heyrt því fleygt að strákurinn sé sá allra öflugasti í plötusnúðabransanum þessa dagana. Við verðum að kíkjaá Hvebbann á laugardaginn og athuga málið.



PRAVDA

Á skemmtistaðnum Pravda verður allt fljótandi í fallegu kvenfólki á laugardagskvöldið en sérstakt Hawaiian Tropic-kvöld verður haldið ásamt því að stúlkurnar munu sýna undirföt. Sjóðheit stemning á Pravda.

HRESSÓ

Á laugardagskvöldið er Dj Bjarki að spila á Hressingarskálunum og verður vafalaust góð stemning í skálunum fram eftir nóttu eins og vanalega.

PRIKID

Á laugardaginn mega dansgláðar þíur vara sig því þá er Dj B-Ruff í búrinu á Prikinu og hann er til alls vís.

VEGAMOT

Á Vegamótum verður allt fljótandi í fallegum konum eins og vanalega og munu Gísli Galdur og Alfons X halda uppi stuðinu langt fram á nótt.



NASA

Á skemmtistaðnum Nasa verður mikið um dýrðir á laugardagskvöldið en þá verður haldið Glam Rock & 80's festival aldarinnar í fyrsta skipti í Reykjavík og verður allt vitlaust með tilheyrandi stemningu.

GAUKURINN

Prusuball með Jet Black Joe á laugardagskvöld þar sem þeir leika bæði gamalt og nýtt efni og má búast við fullu húsi, en síðast komust færri að en vildu. Húsið er opnað kl. 23 og eru miðar eingöngu seldir við innganginn.

LANDSBYGGÐIN

SJALLINN AKUREYRI

Á laugardagskvöldið verður mikið um dýrðir fyrir norðan en í Sjallanum verður haldin fegurðarsamkeppni Norðurlands og hefjast herlegheitin rétt fyrir klukkan átta. Þeir sem hafa gaman af því að sjá fallegar stúlkur spranga um í sundfötum ættu endilega að verða sér úti um miðað.

YELLO Í KEFLAVÍK

Á Yello í Keflavík ræður Atli skemmtanalögga ríkjum og mun vafalaust ríkja stemning á staðnum fram eftir morgni.



TRAFFIC Í KEFLAVÍK

Á laugardagskvöldið sinnir Óli Geir skemmtanastjóri starfi sínu í Keflavík og verður enginn svikinn af því að fá sér öl á Traffic.

Sódoma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAM SIRKUSS RVK FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS

LISTASÝNINGAR

ARTÓTEK GRÓFARHÚSI

Steinunn Helgadóttir myndlistamaður sýnir.

GALLERÍ SÆVARS KARLS

Hafsteinn Michael sýnir til 23. mars.

GALLERÍ HUMAR EÐA FRÆGÐ

Ljósmyndir, leikmunir, kvikmyndasýningar.

GRAFARVOGSKIRKJA

Sýning Svövu Sigríðar í Áttthagahorni bókasafns Grafarvogs.

HAFNARBORG

Pétur Gautur sýnir í Aðalsal og Sigrún Harðar sýnir í Sverrisal.



HALLGRÍMSKIRKJA

Sýning á olíumálverkum Sigrúnar Eldjárn.

HANDVERK OG HÖNNUN

Sýningin „Auður Austurlands“.

HRAFNI STA HAFNARFIRÐI

Sjö málarar frá Félagsmiðstöðinni Gerðubergi sýna í Menningsarsal til 21. mars.

I18

Tumi Magnússon sýnir til 29. apríl

KAFFI MÍLANÓ

Sigurbjörg Gyða Tracey.

KARÓLÍNA RESTURANT

Óli G. sýnir

LISTASAFN ASÍ

Olga Bergmann -Utan garðs og innan. Jón Stefánsson, málverk í eigu safnins.

LISTASAFN EINARS JÓNSSONAR

Fastasýning.

LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI

Spencer Tunick -Bersvæði, Halla Gunnarsdóttir -Svefnfarar.



LISTASAFN REYKJANESBÆJAR

Samsýning 11 listamanna.

LISTASAFN ÍSLANDS

Gunnlaugur Blöndal -Lífsnautn og ljóðræn ásýnd og Snorri Arinbjarnar -Máttur litarins og spegill tímans.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR Á KJARVALSSTÖÐUM

Jóhannes Sveinsson Kjarval. 120 ár frá fæðingu málarans.

REYKJAVÍKURBORG

Stella Sigurgeirsdóttir sýnir 20 „Minningarstólpa“.

SAFN

Verk Roni Horn á þremur hæðum

SALTFISKSETUR ÍSLANDS

Elísabet Dröfn Ásvaldsdóttir sýnir til 3. apríl

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Huldúkonur í íslenskri myndlist fjallar um ævi og verk tíu kvenna sem voru nær allar fæddar á síðari hluta 19. aldar.

LEIKHÚS

FIMMTUDAGURINN 23. MARS



VIRKJUNIN


Hið stórbrotna leikverk Virkjunin eftir Nóbelsverðlaunahafann Elfriede Jelinek í leikgerð Maríu Kristjánsdóttur verður á Stóra sviði Þjóðleikhússins. Leikstjóri er Þórhildur Þorleifsdóttir. Verkið er stjórnum prýtt. Leikendur eru Arnar Jónsson, Atli Rafn Sigurðarson, Baldur Trausti Hreinsson, Björgvin Franz Gíslason, Gísli Pétur Hinriksson, Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir, María Pálsdóttir, Nanna Kristín Magnúsdóttir, Ólafur Steinn Ingunnarson, Páll S. Pálsson, Rúnar Freyr Gíslason, Sólveig Arnarsdóttir, Þórunn Clausen og Þórunn Lárusdóttir.

PÉTUR GAUTUR

Pétur Gautur eftir H. Ibsen er sýnt í Kassasnum í Þjóðleikhúsinu. Í sýningunni nýtur mannlegt innsæi höfundarins sín til fulls og ímyndunarafli og hugmyndaauðgi hans fara á flug í þessari frumlegu uppsetningu Baltasars Kormáks sem flytur persónuna í nútímann. Björn Hlynur Haraldsson fer með aðalhlutverkið. Í öðrum hlutverkum eru m.a. Brynhildur Guðjónsdóttir, Ingvar E. Sigurðsson, Ólafur Egill Egilsson og Guðrún Gísladóttir.

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR

Einleikurinn Alveg BRILLJANT skilnaður gerist í næsta nágreinni við okkur öll á þessum síðustu og verstu tímum. Leikurinn er á gamansömum nótum enda þótt honum megi á köflum lýsa sem harmskoplegum og greinir frá ofur hvundagslegri miðaldra höfuðborgarmær, Ástu að nafni, sem býr í Grafarvoginum. Sýningin er í Borgarleikhúsinu á litla sviði.



MARÍUBJALLAN

Verkið verður einungis sýnt í febrúar og mars og er það í samræmi við nýtt sýningarfyrikomulag sem LA tók upp á síðasta leikári þar sem hvert verk er einungis sýnt í stuttan tíma – en þeim mun þéttar. Í vetur hafa flestar sýningar leikhússins selst upp og því ástæða til að hvetja alla til að hafa hraðar hendur og tryggja sér miða.

HUNGUR

Hungur er nýtt, íslenskt verk eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur Bachmann, og var frumsýnt á Litla-sviðinu í febrúar. Hungur er um lífsbaráttu fjögurra einstaklinga í heimi þar sem útlitiskröfurnar eru svo óraunhæfar að internetið er eini staðurinn þar sem hægt er að uppfylla þær. Hvað gerist þegar tveir anorexíusjúklingar mynda vínáttutengsl, og þegar offitusjúklingur finnur sér loks maka sem elskar hvern einasta blett á henni?

SISTER ACT

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ sýnir bráðskemmtilega upp færslu af kvikmyndinni Sister Act í leikstjórn Arnar Árnasonar.

FÖSTUDAGURINN 17. MARS

VIRKJUNIN

Hið stórbrotna leikverk Virkjunin eftir Nóbelsverðlaunahafann Elfriede Jelinek í leikgerð Maríu Kristjánsdóttur verður á Stóra- sviði Þjóðleikhússins í kvöld. Leikstjóri er Þórhildur Þorleifsdóttir. Verkið er stjórnum prýtt. Leikendur eru Arnar Jónsson, Atli Rafn Sigurðarson, Baldur Trausti Hreinsson, Björgvin Franz Gíslason, Gísli Pétur Hinriksson, Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir, María Pálsdóttir, Nanna Kristín Magnúsdóttir, Ólafur Steinn Ingunnarson, Páll S. Pálsson, Rúnar Freyr Gíslason, Sólveig Arnarsdóttir, Þórunn Clausen Yög Þórunn Lárusdóttir.

ÉG ER MÍN EIGIN KONA

Í Iðnó klukkan 20. Þetta verk er eitthvað sem enginn má láta fram hjá sér fara. Um er að ræða einleik þar sem Hilmir Snær Guðnason kemur áhorfendum sínum á óvart hvað varðar leik og tilburði. Eitthvað er um laus sæti í kvöld.

GLÆPUR GEGN DISKÓINU

Steyppibaðsfélagið Stútur í samstarfi við Vesturport setur upp verkið Glæpur gegn diskóinu. Dauður köttur, diskókvöld sem aldrei átti sér stað, brjóstin á starfskonu tryggingastofnunar og hauslausar dúfur eru vandiþingur í þessu mannlega ferðalagi um karlmennskuna. Þetta er eitthvað sem verður að kanna.

GRUNNIRINN Á DRYKKJUMENNSKUNNI KOLKLIKKUÐ BLANDA

„Það er einfalt, það er bara bjór,“ segir Haraldur Leví meðlimur hljómsveitinnar Lada Sport. „Það er bjór af því hann er svo góður, ég hef bara alltaf drukkið bjór, alveg frá því ég byrjaði að drekka. Ég fæ mér alltaf bjór, ég er bjór maður, bjór kemur mér í rétta girinn. Ef ég fæ mér eitthvað annað þá er það gin og magic, mér finnst það rosalega gott. Blanda því svo stundum ofan í bjórinn og þá er ég alveg kolklikkaður“ segir Haraldur hress í bragði. Hljómsveitn Lada Sport var að spila núna síðustu helgi við góðar undirtektir og er að fara spila 24.mars næstkomandi fyrir þá sem misstu af. Þá sem langar geta fylgst með þeim félögum á <http://www.lada-sport.com>.





HUNGUR

Hungur er nýtt, íslenskt verk eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur Bachmann, og er sýnt á Litla sviði Þjóðleikhússins. Hungur er um lífsbaráttu fjögurra einstaklinga í heimi þar sem útlítskröfurnar eru svo óraunhæfar að internetið er eini staðurinn þar sem hægt er að uppfylla þær. Hvað gerist þegar tveir anorexíusjúklingar mynda vináttutengsl, og þegar offitusjúklingur finnur sér loks maka sem elskar hvern einasta blett á henni?



VIÐTALIÐ

Núna um helgina sýnir Draumasmiðjan í samvinnu við Hafnarfjarðarleikhúsið leiksýninguna Viðtalið. Viðtalið fjallar um mæðgur sem eru að fara í viðtal. Dóttirin er heyrnarlaus og móðirin heyrandi. Túlkur kemur til að vera til aðstoðar í viðtalinu. Spyrjandinn er seinn og mæðgurnar fara að spjalla saman í gegnum túlkinn.

MARÍUBJALLAN

Verkið verður einungis sýnt í febrúar og mars og er það í samræmi við nýtt sýningarfyrikomulag sem LA tók upp á síðasta leikári þar sem hvert verk er einungis sýnt í stuttan tíma – en þeim mun þéttar. Í vetur hafa flestar sýningar leikhússins selst upp og því ástæða til að hvetja alla til að hafa hraðar hendur og tryggja sér miða.

LAUGARDAGURINN 18. MARS

RONJA RÆNINGJADÓTTIR

Ronja Ræningjadóttir eftir Astrid Lindgren en er í leikstjórn Sigrún Edda Björnsdóttir. Þetta klassíska og ávallt hressandi verk er sýnt í Borgarleikhúsinu. Söguna kannast flestir við og þeir sem ekki gera það munu ekki sjá eftir því að leyfa söguni og persónunum að flytja sig á braut ævintýranna.




CARMEN

Söngleikurinn Carmen er samstarfsverkefni Leikfélags Reykjavíkur og Íslenska dansflokksins, þar sem óperunni eftir Bizet er snúið í söngleik um ástir, afbrýði og hrikaleg örlög, sem ekki verða umflúin. Ásgerður Júníusdóttir leikur Carmen. Sveinn Geirsson leikur Don José og Erlendur Eiríksson Escamillo. Sýningin hefst klukkan átta.

BELGÍSKA KONGÓ

Eggert Þorleifsson fékk Grímuvörðlaunin fyrir túlkun sína á Rósalind, gamalli konu á elliheimili sem fær heimsókn frá barnabarni sínu sem hún er ekki búin að tala við í sjö ár. Leikritið er sýnt á Litla- sviði Borgarleikhússins klukkan átta.



NAGLINN

Nýtt verki eftir Jón Gnarr. Þetta er harmleikur um karlmennskuna, saga manns sem finnst allt hafa farið til einskis þrátt fyrir allan sinn vilja til að standa sig. Gunnar Sigurðsson og Jón Stefán Kristjánsson sjá um leikinn. Jón kann að skemmta landanum með hnittnum og beinskeyttum húmor á kaldhæðinn hátt. Sýningin hefst klukkan átta á Litla- sviði í Borgarleikhússins.

HIMNARÍKI

Er eftir Árna Ibsen og er sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Árni var tilnefndur til norrænu leikskáldaverðlaunanna á sínum tíma fyrir þetta geysivinsæla gamanverk. Í dag eru tíu ár síðan Himnaríki var frumsýnt fyrst. Verkið var sýnt hundrað sinnum árin 1995-1996 og var sýningum hætt fyrir fullu húsi. Geðklofinn gamanleikur sem enginn má að missa af. Miðað við þessar staðreyndir erum við að tala um funhita.

ÉG ER MÍN EIGIN KONA

Í Iðnó klukkan 20. Þetta verk er eitthvað sem enginn má missa af. Um er að ræða einleik þar sem Hilmir Snær Guðnason kemur áhorfendum sínum á óvart hvað varðar leik og tilbúði. Eitthvað er um laus sæti.

VIRKJUNIN

Leikritið Virkjunin eftir nóbelsverðlaunahafann Elfriede Jelinek í leikgerð Maríu Kristjánsdóttur verður á Stóra- sviði

Þjóðleikhússins í kvöld. Leikstjóri er Þórhildur Þorleifsdóttir. Verkið er stjörnum prýtt. Leikendur eru meðal annars, Arnar Jónsson, Björgvin Franz Gíslason, Gísli Pétur Hinriksson, Þórunn Lárusdóttir, María Pálsdóttir, Nanna Kristín Magnúsdóttir, Ólafur Steinn Ingunnarson, Rúnar Freyr Gíslason, Sólveig Arnarsdóttir og Þórunn Clausen.

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum. Sýningin hefst klukkan fimm.



PÉTUR GAUTUR

Í kvöld er verk Ibsens, Pétur Gautur sýnt í Kassasnum í Þjóðleikhúsinu. Í sýningunni nýtur mannlegt innsæi höfundarins sín til fulls og ímyndunarafli og hugmyndaauði hans fara á flug í þessari frumlegu uppsetningu Baltasars Kormáks sem flytur persónuna í nútímann. Björn Hlynur Haraldsson fer með aðalhlutverkið. Í öðrum hlutverkum eru m.a. Brynhildur Guðjónsdóttir, Ingvar E. Sigurðsson, Ólafur Egill Egilsson og Guðrún Gísladóttir.

MARÍUBJALLAN

Verkið verður einungis sýnt í febrúar og mars og er það í samræmi við nýtt sýningarfyrikomulag sem LA tók upp á síðasta leikári þar sem hvert verk er einungis sýnt í stuttan tíma – en þeim mun þéttar. Í vetur hafa flestar sýningar leikhússins selst upp og því ástæða til að hvetja alla til að hafa hraðar hendur og tryggja sér miða.

SUNNUDAGURINN 19. MARS

RONJA RÆNINGJADÓTTIR

Ronja ræningjadóttir eftir Astrid Lindgren í leikstjórn Sigrúnar Eddu Björnsdóttur. Þetta klassíska og ávallt hressandi verk er sýnt í Borgarleikhúsinu. Söguna kannast flestir við og þeir sem ekki gera það munu ekki sjá eftir því að leyfa sögunni og persónunum að flytja sig á braut ævintýranna.

SISTER ACT

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ sýnir bráðskemmtilega uppfærslu af kvikmyndinni Sister Act í leikstjórn Arnar Árnasonar.

NAGLINN

Nýtt verki eftir Jón Gnarr. Þetta er harmleikur um karlmennskuna, saga manns sem finnst allt hafa farið til einskis þrátt fyrir allan sinn vilja til að standa sig. Gunnar Sigurðsson og Jón Stefán Kristjánsson sjá um leikinn. Jón kann að skemmta landanum með hnittnum og beinskeyttum húmor á kaldhæðinn hátt. Sýningin hefst klukkan átta íkvöld á Litla- sviði í Borgarleikhússins.

VIÐTALIÐ

Núna um helgina sýnir Draumasmiðjan í samvinnu við Hafnarfjarðarleikhúsið leiksýninguna Viðtalið. Viðtalið fjallar um mæðgur sem eru að fara í viðtal. Dóttirin er heyrnarlaus og móðirin heyrandi. Túlkur kemur til að vera til aðstoðar í viðtalinu. Spyrjandinn er seinn og mæðgurnar fara að spjalla saman í gegnum túlkinn.

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum. Sýningin hefst klukkan fimm.

MAMMA ALLRA GRÍNMYNDA
ER MÆTT AFTUR Í BÍÓ!

BIG MOMMA'S HOUSE 2



FRUMSÝND 17. MARS

TAKTU ÞÁTT!

11. HVER
VINNUR!

VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR FYRIR TVÖ,
DVD MYNDIR, VARNINGUR TENGDUR MYNDINNI
OG MARGT FLEIRA!



www.xy.is

REGNBÖGINN

SMÁRALIND BÍÓ

BORGARBÍÓ

LAUGAVEG BÍÓ

SELFOS BÍÓ

KEFLAVÍK
SAMBJÓN



MOBILE

VINNINGAR VERÐA AFHENDIR HJÁ BT SMÁRALIND. KÓPAVOGI. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB. 99 KR/SKEYTID.

BJARKI BIRGISSON, FYRRUM SUNDMAÐUR, FÓR TIL ARGENTÍNU Í JANÚAR OG AFHENTI FÖTLUÐUM BÖRNUM Í FÁTÆKRAHVERFUM MAR DEL PLATA ÁTTA HJÓLASTÓLA. BJARKI SEGIST HAFA VIJLAÐ GEFA FLEIRI EN ÞAÐ HJÁLPAÐI EKKI TIL AÐ HANN VAR RÆNDUR Í TVÍGANG. BJARKI ÆTLAR AFTUR TIL ARGENTÍNU Í LOK MÁNAÐARINS OG HYGGST GEFA 32 HJÓLASTÓLA.

RÆNDUR Í TVÍGANG Í ARGENTÍNU

„Ég hefði gjarnan viljað sýna ykkur myndir en það var öllu stolið frá mér,“ segir athafnarmaðurinn Bjarki Birgisson sem fór til Argentínu í lok janúarmánaðar og gaf fötluðum börnum í Mar del Plata sem er bær sunnan af Buenos Aires, átta hjólastóla.



Á STRÖNDinni! MYNDAVÉL BJARKA VAR STOLIÐ EN HANN LÁN- AÐI OKKUR NOKKRAR MYNDIR SEM ARGENTÍNSK VINKONA HANS HAFÐI TEKIÐ.



VINSÆLL OG VEIT AF ÞVI! ARGENTÍNSKAR KONUR VORU ÓÐAR Í AÐ LÁTA MYNDA SIG MEÐ ÍSMANNinum.

„Fyrst var ég rændur í leigubíl. Allt í einu óð maður inn og hélt byssu að mér og krafðist þess að fá þá peninga sem ég átti. Ég lét hann hafa fjórtíu pesóa sem er um átta hundruð krónur. Svo var ég rændur illilega á hótelinu, farangrinum, myndavélinni og öllum þakkanum,“ segir Bjarki og ótrúlegt en satt er hann ekkert að pirra sig á þessum áföllum. „Það eru nánast allir rændir einhvern tíma þarna úti.“

ÍSLENDINGAR HAFA EKKI RÉTT Á AÐ KVARTA

„Þessi fórn hafði djúpstæð áhrif á mig og nú get ég ekki hugsað mér annað en að vinna við hjálparstörf. Ég sá þarna ellefu ára stelpu sem liggur í rúminu alla daga og getur sig ekki hreyft. Hún er lömuð fyrir neðan mitti og móðir hennar er það fátæk að hún getur ekkert hjálpað henni. Þegar maður sér svona hluti eins og ég sá þarna þá finnst mér sorglegt að fólk hér á landi skuli kvarta, – við höfum einfaldlega ekki rétt á því,“ segir Bjarki sem er enn í miklu uppnámi eftir ferðina.

FORGANGSRAÐAR HLUTUNUM

„Ég ætla að fara aftur út til Argentínu þann 29. mars. Fyrst mér tókst aðeins að gefa átta hjólastóla síðast þá verð ég að gera betur næst og stefni á að gefa 32 hjólastóla þá.“

Hvernig hefurðu efni á þessu flakki? Varstu að vinna í lottói? „Nei alls ekki. Ég bara forgangsraða hlutunum. Hjálparstöf eru númer eitt og maður nær endum saman ef maður gerir sitt besta.“

ÆTLAR AÐ HJÓLA HRINGINN

Í byrjun árs tilkynnti Bjarki að hann hygðist hljóla hringinn þetta árið en í fyrra gekk hann hringinn ásamt Guðbrandi Einarssyni og gengu



ALLTAF FLOTTUR! BJARKI GENGUR NÁNAST EINGÖNGU Í JAKKAFÖTUM ÞEGAR HANN ER STADDUR HÉR Á LANDI.

FRÉTTABLAÐIÐ

FYRIRGEFUR FRÉTTABLAÐINU! BJARKI VAR ÓSÁTTUR VIÐ FRÉTTABLAÐIÐ UM TÍMA EN HLÆR NÚ AÐ ÖLLU SAMAN EINS OG HANS ER VON OG VISA.

þeir hringinn í kringum landið undir slagorðinu haltur leiðir blindan. Takist Bjarka að hjóla í kringum landið verður hann sá fyrsti til að ganga og hjóla hringinn.

FYRIRGEFUR FRÉTTABLAÐINU

Það er ekki hægt að sleppa Bjarka, sem er að verða 23 ára án þess að spyrja um kvennamálin. „Ég er á lausu það er ekkert meira um það að segja.“ Á forsíðu Fréttablaðsins 12. janúar var sagt frá því að Bjarki ætti kærustu en

hið rétta var að stelpu á myndinni er vinkona hans en

kærasta eins besta vinar hans. „Þetta var svolítið óþægilegt. Ef maður var eitthvað að ræða við stelpur héldu margar þeirra að ég ætti kærustu og þetta olli miklum misskilningi. En ég er mjög ánægður með þá blaðbera sem sváfu yfir sig þennan morgun,“ segir Bjarki hlægjandi. „En það er bara gaman að þessu. Ég er búinn að fyrirgefa Fréttablaðið og læt þetta ekki angra mig lengur. HH

VAKNIÐ OG SKEINIÐ

Ég hringdi í Papco í morgun og fékk að tala við forstjórann. Við ræddum saman um ýmislegt, meðal annars hvernig pappír er vinsælastur nú á dögum og síðan spurði ég hann hvernig fyrirtækinu gangi nú þessa dagana. Hann sagði mér það að hagnaður Papco hafi aukist um 67% prósent frá því í janúar.

Síðan fór ég að spá í það hver ætli sé ástæðan fyrir þessari hækkun. Eyvindur Karlsson og Hávar Allen eru ekki einir og sér að skeina sér með öllum þessum klósettappír. Það hljóta fleiri að vera að skíta á sig en þeir. Þá að sjálfsögðu fáttaði ég það. Allt þetta fólk sem ætlaði að byrja af krafti í gymminu eftir áramót og er síðan búin að gyrða niður sig og hægja sér. Það er ástæðan fyrir aukinni pappírneyslu undanfarið.

Allir þeir sem hafa einhvern tímann stundað gymmið reglulega taka eftir þessu. Í janúar er sprengja, allir komnir með samviskubit eftir hátíðarnar. Markmiðið hjá fólki er yfirleitt að losna við 5 kíló á viku eða eitthvað álíka heimskulegt. Og hvað gerist? Jú, fólk sér að þetta gerist hægar en það átti von á og skítur á sig og hættir. Hvenær í andskotanu ætli þið að gera ykkur grein fyrir því að þetta er ekki spretthlaup, þetta er maraþon!

Í staðinn fyrir að ætla að missa 5 kíló á viku, setjið ykkur þá markmið að losna við hálf kíló á viku. Raunsæ markmið, halda sér við þau, ekki HÆTTA!

Síðan þekki ég ykkur alveg, þið bókið utanlandsferð í ágúst til Portúgals og þá er hlaupið í næsta gym og náð sér í einkapjálfa til þess að ná sixpakkinu fyrir ströndina. Skein skein skein!

Ástæðan fyrir að ég kem með þessa vakningu núna er sú að ef þú ætlar að gera þig sexy fyrir sumarið þá er ekki seinna vænna en að byrja núna. Ef þið byrjið núna þá hafið þið góðan tíma til að skúlpta ykkur og ná six pakkinu fyrir ströndina, eða laugarar.



Ég hef tekið stundum spurt og svarað með Big G herna á föstudögum. Vegna þess að það er heilsupema þessa vikuna þá ætla ég að svara spurningum frá fólki sem tengjast einhvern veginn ræktinni. En ég verð samt eiginlega að hætta að kalla mig Big G því að Grétar Guðmunds sem er búinn að heita Big G í mörg ár er illa pirraður á því og hann er 124 kíló, 9% fita og gæti mögulega barið mig í drasl.

Sp: Blessaður G. Lyftingafélaginn minn fer á klósettið svona þrisvar á hverri æfingu og segist þurfa að hægja sér. Á meðan stend ég bara og kólna? Hvað á ég að gera? Kv, **Klemenz.**

Sv: Blessaður Klemenz. Ég kannast alveg við þessa týpu, þetta er ekki eini gæinn sem notar þessa taktík. Rektu þennan féлага þinn STRAX og finndu þér nýjan. Hann er bara að fara á salernið til að hvíla sig og þú nærð ekki árangri með þannig lyftingaféлага, burtu með hann.

Sp: Hæ G. Heyrðu ég er búinn að lyfta núna í 7 vikur og kominn með 35 centimetra byssur, má ég fara í hlýraból í ræktina? Kv, **Einn pumpaður.**

Sv: Sæll og blessaður pumpaður. Nei þú mátt EKKI fara í

ræktina í hlýraból ef þú ert með 35 sentimetra byssur! Áskeit Kolbeins er með 35 sentimetra byssur. Þú mátt fara í hlýraból þegar þú ert kominn með 39 sentimetra byssur.

Sp: Blezzar Gí. Ég fæ svo oft harðan þegar ég er í gymminu. Er kannski bara að taka Behind The Back Wrist Curls og síðan verður skaufrinn bara grjótharður og þá langar mig að losa úr þungnum. Það stara alltaf allir á mig, hvað á ég að gera? Kv, **Stíffi**

Sv: Ég mæli með sjálfsfróun reglulega Stíffi. Þú ert greinilega alltof spennur þegar þú ert í gymminu. Ekki mæta með hlaðna byssu í gymmið. Sérstaklega ekki ef þú æfir í Sporthúsinu, ég þjálfá nefnilega þar.

Sp: Blessaður Gilli. Ég hef áhyggjur af lyftingafélaganum mínum, ég held hann sé eitthvað klikkaður. Hann öskrar alltaf á mig þegar ég er í miðri lyftu. Einn í viðbót sexy, komdu með annan, gefðu þabba það, þú ert kynlíf, þú ert flottastur, gefðu mér það! Eru þetta eðlileg hvatningarköll í ræktinni Gillz eða þarf að pappíra hann? Kv, **Einn ringlaður.**

Sv: Félagi þinn er rjómi dreng.

Ég hvet ykkur að sjálfsögðu að senda spurningar á kallinn, og ekki vera feiminn. Ég tek á ÖLLUM málum!

Þangað til næst!
Sæææææææææææææææælar!
G.



31

NJÓTTU LÍFSINS MEÐ HEILBRIGÐUM LÍFSSTÍL

KEA-skyr er frábær hollustuvara, einstaklega prótein- og næringaríkt og nánast fitulaust. Í því eru hvorki sætuefni né önnur hjálparefni. KEA-skyr er góður kostur fyrir alla þá sem hafa hollustuna í fyrirrúmi og vilja lifa á heilsusamlegan hátt.



KEA
Skýr



FEGURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA